

Alþingi
Erindi nr. P 131/413
komudagur 3. 12. 2004



Akraneskaupstaður

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 2. desember 2004, var m.a. fjallað um bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 17.11.2004, þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga, 269. mál heildarlög.

Eins og fram kemur í málgögnum með frumvarpinu hefur félagsmálaráðuneytið unnið að endurskoðun laganna á grundvelli beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga og var niðurstaðan fengin í góðri sátt á milli þessara aðila, skv. bréfi framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29.11.2004.

Ljóst er að starfsemi lánasjóðs sem Lánasjóður sveitarfélaga er, er best kominn í sama rekstrarumhverfi og aðrir sambærilegir sjóðir eru í á hverjum tíma og í því ljósi fæst ekki annað séð en að umrædd tillaga að lagabreytingu fyrir sjóðinn sé honum til framdráttar og eigi eftir að auðvelda sjóðnum að þjóna sveitarfélögum betur en hann hefur haft möguleika á að gera hingað til á grundvelli núverandi lagaumhverfis.

Skv. framangreindu mælir bæjarráð Akraness með samþykkt frumvarpsins.

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 2. desember 2004.

Virðingarfyllt,

A large, stylized handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jón Pálmi Pálsson'.

Jón Pálmi Pálsson, bæjarráttari

Afrit: Bæjarstjóri, Gísli Gíslason.

JPP/tp-040327
Skj. 000.2/AK26343

Bæjarskrifstofur • Stillholti 16 - 18 • 300 Akranes

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 131/532
komudagur 7. 12. 2004

Nefndasvið Alþingis
b.t. Selmu Hafliðadóttur, nefndaritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

6. desember 2004
Tilvísun: 2004110041

Umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga, 269. mál

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 17. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga, 269. mál.

Í ofangreindu frumvarpi er gert ráð fyrir því að Lánasjóður sveitarfélaga muni starfa sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki verði frumvarpið að lögum, og í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að frá og með þeim tíma muni sjóðurinn starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt gert ráð fyrir því í frumvarpinu að sjóðurinn skuli uppfylla skilyrði laga um fjármálafyrirtæki, nema kveðið sé á um annað í lögum um sjóðinn.


Fjármálaeftirlitið telur rétt að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri vegna frumvarpsins:

1. Rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er veiting útlána sem fjármögnuð er með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi starfsleyfisskyld. Veiting útlána almennt séð er hins vegar ekki starfsleyfisskyld. Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við að Lánasjóður sveitarfélaga verði lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki en telur þó rétt að kannað verði hvort eðlilegt sé að slíkur sjóður hafi slíka heimild til fjármögnunar, m.a. m.t.t. sérhæfðrar starfsemi sjóðsins.
2. Fjármálaeftirlitið telur einnig rétt að benda á að það að hlutverk sjóðsins er mjög afmarkað, þ.e. að sjóðurinn kemur eingöngu til með að veita lán og ábyrgðir til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirri eigu, kann að hafa þau áhrif að útlánaáhætta sjóðsins verði mjög samþjöppuð og að mati Fjármálaeftirlitsins þarf að skoða hvort ætla megi að áhættudreifing sjóðsins verði með fullnægjandi hætti m.t.t. tilgangs hans skv. frumvarpinu.
3. Eins og fram kemur í athugasemdum við ofangreint frumvarp, er sjóðurinn sameign allra sveitarfélaga í landinu. Fjármálaeftirlitið telur rétt að vekja athygli á því að eignaraðild að sjóðnum kann að hafa áhrif á áhættustýringu sjóðsins, þ.e. að sjóðurinn er í þeirri stöðu að taka ákvarðanir um útlán til eigenda sinna og fyrirtækja í þeirra eigu. Í þessu sambandi er rétt að velta fyrir sér hvernig útlánaákvörðunum sjóðsins verði háttáð, þ.e. hvaða kröfur verði gerðar til gæða útlána m.t.t. lánshæfis lántakenda og hvort kjör á útlánum sjóðsins komi til með að taka mið af mati á hæfi viðkomandi lánþega til þess að standa skil á greiðslum eða hvort allir eigendur sjóðsins komi til með að hafa rétt til að fá lán hjá sjóðnum og á sömu kjörum, án tillits til lánshæfis. Fjármálaeftirlitið telur hið síðarnefnda óásættanlegt með hliðsjón af eðlilegum kröfum sem gera verður til áhættustýringar fjármálafyrirtækja.
4. Fjármálaeftirlitið leggur jafnframt áherslu á að ef frumvarpið verður að lögum, að

sjóðurinn sæki um starfsleyfi samkvæmt 3. gr. laga nr. 161/2002 en verði ekki sjálfkrafa fjármálafyrirtæki við gildistöku laganna, verði þau samþykkt, og að sjóðurinn uppfylli á öllum tímum þær kröfur sem lög um fjármálafyrirtæki og reglur settar samkvæmt þeim gera til fjármálafyrirtækja og að Fjármálaeftirlitið geti afturkallað starfsleyfi sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki. Að mati Fjármálaeftirlitsins endurspeglast þessi skilningur í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins, en þar kemur fram að þrátt fyrir að ákvæði frumvarpsins um að ekki verði unnt að slíta sjóðnum, leggja hann niður, sameina hann öðrum eða formbreyta honum, nema með lögum, sé ekkert því til fyrirstöðu lagalega séð að Fjármálaeftirlitið geti afturkallað starfsleyfi sjóðsins í samræmi við ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki. Að mati Fjármálaeftirlitsins væri eðlilegt að kveða skýrar á um ofangreind atriði í lögnum sjálfum.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við það að Lánasjóður sveitarfélaga verði láanafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og falli þar með undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins, en leggur hins vegar áherslu á að litið verði til þeirra atriða sem bent er á hér að framan. Jafnframt telur Fjármálaeftirlitið mikilvægt að kannað verði til fullnustu hvaða áhrif þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir, koma til með að hafa á fjármálamarkað, m.a. m.t.t. 9. gr. frumvarpsins um stimpilfrelsi og útvíkkaðan tilgang sjóðsins.

Virðingarfyllst,



Páll Gunnar Pálsson

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Guðbjörg Bjarnadóttir



Alþingi
Erindi nr. P 131/459
komudagur 6.12.2004

ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndarsvið Alþingis
félagsmálanefnd
150 Reykjavík

Ísafirði, 30. nóvember 2004
Tilvísun: 2004110047
/--

Efni: Umsögn Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga.

Ísafjarðarbær fagnar framkomnu frumvarpi um Lánasjóð sveitarfélaga og telur að með nýjum lögum um lánasjóðinn geti hann eflst til muna og þannig þjónað sveitarfélögunum á Íslandi enn betur en hingað til.

Helstu kostir frumvarpsins umfram gildandi lög um sjóðinn teljum við vera:


- Málefni sjóðsins verða alfarið á hendi sveitarfélaganna.
- Niðurfelling árlegs framlags Jöfnunarsjóð inni lánasjóðinn eykur möguleika á frekari framlögum Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga, sem nauðsynlega þurfa aukin framlög.
- Lánasjóðurinn, ef vel tekst til, getur í framtíðinni orðið aðal lánveitandi sveitarfélaganna og stofnana þeirra þar sem vaxtakostnaður og annar lántökukostnaður gæti lækkað m.v. kjör sem bjóðast hinum einstöku sveitarfélögum á markaði. Má þar nefna vaxtafót, lánstíma svo og skráningar- og umsýslugjöld vegna útgáfu skuldabréfa sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

Með gildistöku nýrra laga og breytinga á rekstrarfyrirkomulagi verður þó að gæta að:

- Rekstrarkostnaður sjóðsins hefur verið hóflegur og ekki er æskilegt að auka hann, t.d. með fjölgun starfsmanna, nýjum skrifstofum o.s.frv.
- Lántökukostnaður hefur verið sanngjarn og ekki er æskilegt að auka hann, t.d. með nýjum þjónustugjöldum.
- Lánsúskóknir og afgreiðsla þeirra hefur verið bæði einföld og fljótverk og ekki er æskilegt að flækja þann feril.
- Núverandi starfsmenn sjóðsins er vel liðnir meðal sveitarstjórnarmanna og hafa reynst sveitarfélögum afar hjálplegir. Æskilegt er að þeir haldi störfum sínum.

Ísafjarðarbær leggur til að framkomið frumvarp verði samþykkt óbreytt sem ný lög um Lánasjóð sveitarfélaga.

Virðingarfyllst


Þórir Sveinsson
fjármálastjóri.




KÓPAVOGSBÆR
Bæjarlögmaður

Alþingi
Erindi nr. P 131/411
komudagur 3.12.2004

Kópavogi, 2. desember 2004.

Félagsmálanefnd Alþingis,
b.t. Selmu Hafliðadóttur nefndarritara,
Alþingi
250 Reykjavík.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs í dag samþykkti bæjarráð jákvæða umsögn um frumvarp til laga um lánasjóð sveitarfélaga, 269. mál, heildarlög, sbr. erindi nendarinnar dags. 17. nóvember s.l.,

Virðingarfyllst,

Þórður Clausen Þórðarson
Bæjarlögmaður.

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/412
komudagur. 3.12.2004

Umsögn til bæjarráðs vegna frumvarps til laga um Lánasjóð sveitarfélaga.

Bæjarráð hefur óskað umsagnar bæjarlögmanns og bæjarritara um ofangreint frumvarp.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er með því verið að laga rekstur lánasjóðsins að almennum starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði eftir því sem kostur er og sjóðurinn starfi í framtíðinni sem lánafyrirtæki eftir lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Með frumvarpi þessu er ekki verið að breyta megin markmiði Lánasjóðsins, sem er að stuðla að lækkuðum fjármagnskostnaði sveitarfélaga.

Með frumvarpinu fer æðsta vald í málefnum sjóðsins til sveitarfélaganna í stað þess að áður starfaði hann undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar.

Mikilvægasta breytingin á starfsemi lánasjóðsins er brottfall 5. gr. gildandi laga, en með þeirri breytingu eru felld niður árleg framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ríkissjóðs til lánasjóðsins. Skv. greinargerð frumvarpsins er þetta liður í að færa rekstrarskilyrði sjóðsins í átt að því sem almennt gerist á fjármálamarkaði. Ríkissjóður hefur ekki innt af hendi framlög til sjóðsins frá því 1983.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent dreifibréf til sveitarfélaga þar sem óskað var umsagnar frá um frumvarpið og fylgir það hjálagt. Þar eru raktar helstu breytingar og markmið með breytingunum.

Í niðurlagi bréfsins er þess vænst að sveitarfélög gefi jákvæða umsögn um frumvarpið með hliðsjón af því að það sé samið með það að markmiði að efla starfsemi lánasjóðsins til hagsbóta fyrir sveitarfélögin.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið mælum við með því að umsögn Kópavogsbæjar um frumvarpið verði jákvæð.

Kópavogi, 1. desember 2004.

Þórður Clausen Þórðarson bæjarlögmaður.

Guðrún Pálsdóttur bæjarritari.



Alþingi
Erindi nr. P 131/225
komudagur 26.11.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjanesbæ 25. nóvember 2004
Tilvísun: 2004110116

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga

Á fundi bæjarráðs Reykjaneshæjar 25. nóvember 2004 var til afgreiðslu erindi félagsmálanefndar Alþingis dags. 17. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga, 269. mál, heildarlög.

Frumvarpið verður tekið fyrir á vettvangi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjaneshæjar

Elísabet Magnúsdóttir
ritari bæjarstjóra



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 131/604
komudagur 13. 12. 2004

Reykjavík, 9. desember 2004

R04110097

175

ÓKH/jb

Alþingi - Félagsmálanefnd

150 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um lánasjóð sveitarfélaga

Á fundi borgarráðs í dag var lagt fram bréf borgarlögmanns frá 7. þ.m. ásamt umsögn fjármálastjóra frá 2. þ.m. um frumvarp til laga um lánasjóð sveitarfélaga.

Umsögnin fylgir í ljósriti.

Ólafur Kr. Hjörleifsson

e.u.




Reykjavík, 7. desember 2004
R04110097
175
ás/ge

Borgarráð

Frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga - umsögn.

Bréf félagsmálanefndar Alþingis dags. 17. f.m. 2004 ásamt frumvarpi til laga um Lánasjóð sveitarfélaga, 269. mál, heildarlög, var sent fjármálastjóra Reykjavíkurborgar til umsagnar.

Meðfylgjandi er umsögn fjármálastjóra, dags. 2. þ.m. um frumvarpið.


Gunnar Eydal


Hjálagt:
Umsögn, dags. 2.12.2004.



Reykjavíkurborg

Fjármáladeild

AFRIT



Reykjavík, 2. desember 2004

R04110097

175


UMSÖGN

Viðtakandi: Gunnar Eydal, borgarlögmaður

Sendandi: Anna Skúladóttir

Umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga

Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið. Þvert á móti er því fagnað að þessar breytingar séu gerðar á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga.


Anna Skúladóttir

Félagsmálanefnd Alþingis.

Í framhaldi af fundi með félagsmálanefnd í gær, um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga, var óskað eftir því að við sendum nefndinni frekari upplýsingar um það mál. Meðfylgjandi eru umbeðnar upplýsingar sem við óskum eftir að sem allra fyrst verði komið á framfæri við alla nefndarmenn félagsmálanefndar ásamt þessum tölvupósti. Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga leggja mikla áherslu á að frumvarpið verði lögfest fyrir nk. áramót.

Frumvarpið hefur verið unnið í nánu samstarfi stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga, félagsmálaráðuneytisins og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Góð samstaða er um málið en meginefni þess er:

- a. Að búa sjóðnum nútímalegt starfsumhverfi.
- b. Niðurfelling á lögbundnum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga.
- c. Niðurfelling á lögbundnum framlögum ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga.
- d. Stjórnun færð frá félagsmálaráðherra til sveitarfélaganna, sem eru eigendur sjóðsins.
- e. Eftirlit fært frá fjármálaráðherra og Seðlabanka Íslands til Fjármálaeftirlitsins.

Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið telja í umsögnum sínum að framangreindar breytingar séu tímabærar og eðlilegar. Athugasemdir þeirra að öðru leyti eru stórum hluta byggðar á misskilningi. Sá misskilningur má ekki koma í veg fyrir að þetta þýðingarmikla mál nái fram að ganga fyrir þinghlé.

Virðingarfyllt.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri.

Upplýsingar til félagsmálanefndar Alþingis vegna frumvarps til laga um Lánasjóð sveitarfélaga, 269. mál

1. Nauðsyn þess að breyta lögum Lánasjóðs sveitarfélaga nú þegar

- Frumvarp til laga um breytingar á gildandi lögum um Lánasjóð sveitarfélaga (LS) lúta fyrst og fremst að því að færa starfsumhverfi hans að nútímalegum starfsháttum og fella niður stjórnunar- og eftirlitshlutverk félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra með starfseminni. Því virðast Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið (FME) sammála.
- Sterk eiginfjárstaða LS leiðir til þess að eðlilegt er að fella niður lögbundin framlög og færa þá fjármuni úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (JS) með öðrum hætti til sveitarfélaganna.
- Samkomulag hefur náðst um að þau framlög sem JS greiðir til LS verði notuð til að stuðla enn frekar að sameiningu sveitarfélaga í tengslum við sameiginlegt átak ríkisstjórnarinnar og sambandsins þar að lútandi, sem nú stendur yfir. Í umfjöllun sinni um það verkefni hefur félagsmálaráðherra kynnt þá fyrirætlan að nýta umrætt framlag til þess verkefnis. Það væri mjög ótrúverðugt og myndi skapa mikla tortryggni ef nú væri horfið frá því að gera þá breytingu mögulega nú um þessi áramót eins og kynnt hefur verið fyrir sveitarstjórnarmönnum um land allt.
- Umsagnir Seðlabankans og FME eru ekki þess eðlis að þær eigi að seinka afgreiðslu málsins eins og nánar er gerð grein fyrir hér fyrir neðan.

2. Athugasemdir við umsögn Seðlabanka Íslands dags. 1. desember 2004

Seðlabankinn „fellst á að tímabært sé að breyta rekstrarformi sjóðsins í lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og nema brott ákvæði eldri laga um afskipti ríkisins af rekstri sjóðsins og samráð við Seðlabanka Íslands.“ Þetta er megintilgangurinn með framlagningu frumvarpsins.

Hinsvegar hnýtur Seðlabankinn um tvö atriði: (i) sterka eiginfjárstöðu LS og (ii) stimpilgjaldsfrelsi á útlánum LS. Bæði atriðin eru á misskilningi byggð.

Eiginfjárstaða:

1. Eiginfjárstaða LS breytist ekki þó frumvarpið verði að lögum. Útlánageta sjóðsins breytist því ekki. Seðlabankinn er með fræðilegar bollaleggingar hvað þetta varðar sem ekki hafa með frumvarpið sjálft að gera. LS hefur verið varfærinn í útlánum og aldrei orðið fyrir útlánatapi. Ekki eru áform um breytingar á þeirri stefnu.
2. Seðlabankinn vill veikja eiginfjárstöðu LS. Það vekur furðu. Traustar fjármálastofnanir eru trygging fyrir sterku fjármálakerfi. Sterk

- eiginfjárstaða styrkir lánshæfismat LS og gerir hann þar með hæfari til að gegna hlutverki sínu.
3. Seðlabankinn vill ráðstafa eigin fé LS til sveitarfélaga til að þau geti lækkað skuldir sínar. Þetta er mjög skammsýnt sjónarmið. Samkvæmt lögum er LS sameign sveitarfélaganna og eignarhald ekki skilgreint nánar á þessu stigi. Verði svo gert tekur það einhvern tíma. Þá mætti breyta LS í hlutafélag með breytingu á lögum. Eignarhlutir gætu þá hugsanlega orðið verðmætari eign en nafnvirði eigin fjár nú.
 4. Seðlabankinn hefur áhyggjur af útlánaaukningu og reiknar út að möguleg útlán gætu orðið 569 ma.kr. við fulla nýtingu eigin fjár. Útlán LS eru hinsvegar mjög takmörkuð með lögum. (Hafa ber í huga að ábyrgðum sveitarfélaga á lánum eru mjög þröng takmörk sett í lögum, sbr. 6. mgr. 73 gr. sveitarstjórnarlaga, og þær nánast bundnar við lögboðið hlutverk sveitarfélaga).
 5. Skuldir sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra við lánastofnanir eru áætlaðar 140 ma.kr. í ársbyrjun 2004. Þar af er Reykjavíkurborg með um 60 ma.kr. og önnur sveitarfélög með 80 ma.kr. Lánstraust LS er ekki hærra en Reykjavíkurborgar og mun hann því ekki gagnast henni sem milligönguaðili í fjármögnun. Önnur sveitarfélög nýta marga möguleika til lántöku auk LS, svo sem innlenda banka, innlendan skuldabréfamarkað og erlenda banka. Fræðileg aukning útlána LS er því aðeins brot af reiknaðri tölu Seðlabankans og áhyggjur hans því úr lausu lofti gripnar.
 6. Milliganga á *innlendum skuldabréfamarkaði* fyrir minni og millistór sveitarfélög og hugsanlega milliganga á lánum frá *erlendum aðilum* til þeirra stærri leysir ekki úr læðingi útlánagetu sem leitar annað. Ef í einhverjum tilfellum yrði um það að ræða að sveitarfélög veldu LS sem lánveitanda í stað *íslensks banka* og sá banki kysi að nota það eigið fé sem þar var bundið til annarra útlána verður að hafa í huga að áhættuvog sveitarfélaga er 0,2. Dæmi: 100 m.kr. lán til sveitarfélags krefst 1,6 m.kr. í eigin fé (20% af 8%). Slíkt eigið fé stendur aðeins undir 20 m.kr. lánveitingu til lántaka með 1,0 í áhættuvog.
 7. Til að sýna óþarfa hræðslu Seðlabankans betur er eftirfarandi dæmi: LS var um síðustu áramót með um 13 ma.kr. af 80 ma.kr. lántöku sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra án Reykjavíkurborgar (16% hlutdeild). Gefum okkur að LS auki hlutdeild sína í lántökum þessara aðila í 50% og taki þriðjung frá hverjum; erlendum bönkum, innlendum bönkum og skuldabréfamarkaði. Innlendir bankar verða þá af 9 milljarða kr. útlánnum og losnar þá 144 m.kr. eigið fé og við það losnar úr læðingi útlánageta sem nemur 1,8 ma.kr. Segjum að þetta gerist á þrem árum og eykst þá útlánageta bankanna um 600 m.kr. á ári vegna þessa.
 8. Seðlabankinn gerir mikið úr útlánagetu LS með hinni lágu áhættuvog á lánum til sveitarfélaga. Hann nefnir hinsvegar ekki að þar sem fjármálafyrirtæki almennt þurfa minna eigið fé til að standa undir lánveitingum til sveitarfélaga verður aukning á útlánagetu fjármálafyrirtækja mjög takmörkuð þegar sama eigið fé á að nota til að

standa undir útlánum til annarra. Þetta atriði er mikill galli á umsögn Seðlabankans og gerir hana nánast marklausa.

Niðurstaða:

Ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af útlánaþenslu þótt frumvarpið verði að lögum.

Stimpilgjaldsfrelsi:

Seðlabankinn telur að afnema eigi ákvæði sem heimila undanþágu stimpilgjalda skuldabréfaútlána LS sem nú er fyrir hendi. Athuga ber að undanþágur frá greiðslu stimpilgjalds eru fjölmargar. Sem dæmi má nefna Seðlabanka Íslands, Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, Viðlagatryggingu Íslands, Þróunarsjóð sjávarútvegsins, Þjargráðasjóð og ýmsa norræna sjóði sem Ísland á aðild að. Auk þess eru orkufyrirtæki laus við stimpilgjald og fjármálafyrirtæki og verðbréfasjóðir af fjáröflun sinni.

1. Ekki er ásættanlegt fyrir sveitarfélög að ríkissjóður leggi nú auknar álögur á þau.
2. Í raun eru það minni sveitarfélögin sem greiða hlutfallslega meira stimpilgjald þar sem þau taka innlend lán, en stærri sveitarfélögin taka meira erlend lán og greiða ekki stimpilgjald af þeim. Stimpilgjaldið eykur þar með það misvægi sem ríkir í fjármögnun sveitarfélaganna.
3. Vegna takmarkana í útlánum kemur stimpilgjaldsfrelsið eingöngu sveitarfélögum til góða en þau fara með annan hluta opinberrar stjórnsýslu, rekstrar og fjárfestingar og ríkið hinn hlutann.
4. Sérstaðan myndi falla niður með niðurfellingu stimpilgjalda á skuldaviðurkenningar sveitarfélaga almennt, sem hluta af stjórnkerfinu, eða með brotthvarfi stimpilgjalds á skuldaviðurkenningar almennt.

Niðurstaða:

Æskilegra væri að það misræmi sem óneitanlega er fyrir hendi yrði afnumið í tengslum við afnám stimpilgjalds af skuldaviðurkenningum sveitarfélaga almennt eða niðurfellingu stimpilgjaldsins í heild sinni í stað þess að útvíkka gjaldstofn á gjaldi sem flestir eru sammála um að muni hverfa.

3. Athugasemdir við umsögn Fjármálaeftirlitsins dags. 6. desember 2004.

- 3.1. FME vekur athygli á því að LS hefur hingað til stundað útlánastarfsemi án þess að vera lánafyrirtæki undir eftirliti þess skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Ástæðan er sú að LS hefur ekki fjármagnað sig með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi, en það er leyfisskyld starfsemi. LS hefur fjármagnað sig með skuldabréfaútgáfum til fagfjárfesta á innlendum skuldabréfamarkaði og erlendum lántökum auk útlána á eigin fé. Kaupendur bréfanna hafa verið lífeyrissjóðir en ekki almenningur. Engin breyting verður á þessu. Bent er á að með styrkri eiginfjárstöðu og traustu útlánasafni er LS mjög traustur lántakandi. Viðræður við alþjóðlegt lánshæfismatsfyrirtæki benda til þess að ef LS

sæktist eftir lánshæfismati myndi hann fá svipað eða sama lánshæfismat og íslenska ríkið og þar með hærra mat en viðskiptabankarnir. Í þessu ljósi er ábending FME óskiljanleg. Benda má á fjölmörg sérhæfð erlend lánafyrirtæki sem afla sér fjár á erlendum skuldabréfamarkaði, t.d. lánasjóðir sveitarfélaga í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Hollandi. LS er ákjósanlegur útgefandi skuldabréfa á markaði og að mörgu leyti verður að teljast betra fyrir markaðinn að LS hafi milligöngu á innlendum skuldabréfamarkaði fyrir minni og meðalstór sveitarfélög, sem nú eru að afla sér fjár á skuldabréfamarkaði. Byggðastofnun og Lánasjóður landbúnaðarins eru lánafyrirtæki skv. lögum um fjármálafyrirtæki og starfa undir eftirliti FME. Með frumvarpinu yrði LS settur í sama flokk. Bent er á að í umsögn sinni bendir Seðlabankinn á að tímabært sé að breyta rekstrarformi LS í lánafyrirtæki.

- 3.2. Í starfsemi LS frá árinu 1967 hefur hann aldrei orðið fyrir útlánatapi. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum hefur sveitarfélag heimild til að veita LS veð í tekjum sínum. Í gildandi lögum um LS er einnig heimild fyrir ráðherra að taka af framlagi sveitarfélags úr JS til greiðslu vanskila. Ábending FME tekur ekki tillit til tryggingatöku LS, skv. 73. gr. sveitarstjórnarlaga, eða eftirlits með fjárhag sveitarfélaga, skv. VII. kafla sömu laga. Almennt séð krefst minni áhættudreifing meira eigin fjár. Sveitarfélögin hafa hinsvegar reynst traustir greiðendur og ekki algilt að aukin dreifing útlána með því að taka inn lakari lántakendur en þá sem fyrir eru sé til bóta. Hugmyndir Seðlabankans um að minnka eigið fé LS eru í algjörrri andstæðu við vangaveltur FME um áhættudreifingu.
- 3.3. Hluti af eftirliti FME verður að fara yfir samþykktir, starfsreglur stjórnar, útlánareglur LS og aðrar verklagsreglur og koma með athugasemdir á þeim ef því þykir að einhverju sé ábótavant. LS hefur frá upphafi verið sameign sveitarfélaga og sveitarstjórnarmenn setið í stjórn hans. Að gera hann að lánafyrirtæki undir eftirliti FME ætti því að vera skref í rétta átt miðað við ábendingar FME. Hingað til hafa öll sveitarfélög fengið lán á sömu kjörum. Ekki er fyrirhuguð breyting á því. Lánasjóðir sveitarfélaga í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi hafa sama háttinn á og hafa eftirlitsaðilar ekki gert athugasemd við það. LS hefur í öllum tilfellum veð í tekjum sveitarfélags og má því telja tryggingar fyrir lánnum svipaðar hjá öllum miðað við að lánveitingum sé stillt í hof eins og verið hefur. Ábendingin um mismunandi hæfi til að standa skil á greiðslu virðist ekki taka mið af tryggingum þeim sem LS tekur og því um vanþekkingu að ræða hjá FME um hvernig rekstri er háttáð hjá sjóðnum.
- 3.4. Samband íslenskra sveitarfélaga og stjórn LS hafa sama skilning og FME á málinu og reiknað er með að LS sæki um starfsleyfi ef frumvarpið verður að lögum. Ekki er lagt mat á hvort kveða þurfi á um þetta atriði í lögnum sjálfum.
- 3.5. Athugasemdum FME í niðurlagi umsagnarinnar telst svarað með svari við athugasemdum Seðlabankans.

Niðurstaða:

Í umsögn FME er í raun eingöngu ein breytingartillaga um að skilyrði um umsókn um starfsleyfi verði í lögunum sjálfum. Fallast má á þá breytingu. Að öðru leyti ber umsögn FME vott um að ekki hafi verið tekið tillit til mikilvægra þátta í starfsemi LS varðandi útlán og tryggingatöku og þar með gæði útlánasafns LS. Er það skiljanlegt þar sem LS hefur ekki verið undir eftirliti FME. Líta ber á umsögnina í þessu ljósi. LS er mjög traust lánastofnum með styrka eiginfjárstöðu og gott útlánasafn og myndi sem lánaþyrirtæki styrkja innlendan fjármálamarkað.

4. Svör við ýmsum spurningum sem fram komu á fundi fulltrúa LS með Félagsmálanefnd Alþingis 6. des. 2004.**4.1. Yfirlit yfir þróun á rekstrarkostnaði**

Fylgiskjal 1, 5. dálkur sýnir heildarrekstrarkostnað á ári frá árinu 1993. Á árinu 1993 er rekstrarkostnaðurinn um 0,2% af meðalstöðu efnahagsreiknings og er það talið mjög hagkvæmt. LS hefur engan afskriftareikning útlána og hefur ekki haft útlánatöp síðan hann hóf starfsemi.

4.2. Stjórnarlaun

Fylgiskjal 1, 6. dálkur sýnir stjórnarlaun á ári frá 1993. Þau eru ákveðin af félagsmálaráðherra.

4.3. Framlag úr ríkissjóði.

Samkvæmt lögum um LS skal greiða árlegt framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga. Skal framlagið nema eigi lægri upphæð en 2,5% af tekjum JS á viðkomandi ári. Ríkisframlag var síðast greitt 1983. Fylgiskjal 1, 3. dálkur sýnir ríkisframlag árána 1981–1983. Ef ríkisframlag hefði verið greitt í samræmi við lög um LS hefði það verið eins og fram kemur í Fylgiskjali 1, 4. dálki fyrir árin 1990–2003.

4.4. Framlag sveitarfélaga úr JS

Fylgiskjal 1, 1. dálkur sýnir árleg framlög sveitarfélaga úr JS frá 1981. Skerðing á framlagi til LS vegna sérstakra verkefna er sýnd í 2. dálki.

4.5. Skipan stjórnar

Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs fjóra stjórnarmenn og félagsmálaráðherra skipar formann stjórnar til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Frá stofnun LS hefur ein kona setið í stjórn hans frá 1991-1999.

4.6. Útlán

Fylgiskjal 2 sem sýnir lánveitingar árána 1992–2004.

Fylgiskjal 3 sem sýnir útistandandi lán í árslok 2003.

4.7. Útlánakjör

Útlán eru á sömu kjörum til allra sveitarfélaga. Lántökugjald er 1% skv. lögum. Stjórnin ákveður vaxtakjör útlána á eigin fé LS með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Eingöngu er um að ræða verðtryggt lán til langs tíma. Vextir eru 4,00% frá 1. október sl. en voru þá lækkaðir úr 4,5%. Fylgiskjal 1, 8. dalkur sýnir útlánavexti á eigin fé LS frá 1983.

Endurlánafé hefur verið lánað út með 0,15% álagi á vaxtakostnað LS.

4.8. Skilgreining á eignarhaldi

Samkvæmt gildandi lögum er LS sameign sveitarfélaga. LS er enda að meginhluta til byggður upp á framlagi sveitarfélaga úr JS og ávöxtun á þeim framlögum í útlánum til sveitarfélaga. Samráð löggjafans og sveitarfélaganna þarf til að skilgreina eignarhaldið nánar en gert er í gildandi lögum. Verði farið í það verkefni má búast við að þónokkurn tíma taki að ljúka því verki. Það gæti verið hluti af næsta skrefi í markaðsvæðingu LS ef vilji eigenda og löggjafans stendur til þess.

4.9. Milliganga um lán

Bent hefur verið á að LS gæti verið heppilegur milligönguaðili fyrir minni og meðalstór sveitarfélög til að afla lánsfjár á innlendum skuldabréfamarkaði. Minni sveitarfélög fengju þar með aðgang sem þau hafa ekki í dag. Fyrir stærri sveitarfélögin (þó ekki Reykjavík) er hægt að hugsa sér að LS gæti verið milligönguaðili varðandi erlent lánsfé. Lánstraust LS er mjög mikið í augum erlendra banka og fjárfesta.

4.10. Eigið fé og útlánaaukning

Útlánageta LS miðað við gefnar forsendur breytist ekki þó að frumvarpið verði að lögum. Útlán LS geta aukist eða minnkað óháð því. Spurningin er hvort útlánakjör eru samkeppnishæf eða ekki. Með athugasemdum við 7. gr. frv. er átt við að það sé ekki kappsmál sveitarfélaganna að fá ávallt hámarksafrakstur á eigin fé LS sem þá festist inni í sjóðnum sem aukning á eigin fé hans. Eigið fé er nægilegt. Ekki er mögulegt að greiða eigendum arð meðan eignarhald er ekki skilgreint nánar. Sömu útlánavextir til allra koma minni sveitarfélögum tiltölulega mest til góða miðað við núverandi stöðu á fjármálamarkaði.

4.11. Hækkun á framlagi JS til Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 10 m.kr. árlegri hækkun á framlagi JS til sambandsins. Ein ástæða þess er m.a. sú að sambandið og LS hafa haft sameiginlegan rekstur og deilt með sér þeim kostnaði sem af því hlýst. Búist er við að FME geri kröfu um aukna þekkingu í fjármálastarfsemi og að LS ráði því sérstakan framkvæmdastjóra sem beri ábyrgð á starfsemi hans. Þar með hækkar rekstrarkostnaður sambandsins. Önnur ástæða er að sveitarfélögin og ýmsir fleiri gera auknar kröfur til starfsemi sambandsins, sbr. m.a. samþykktir síðasta landsþings sambandsins á árinu 2002. Við niðurfellingu um 250 m.kr. framlags JS til LS þótti rétt að

færa umræddar 10 m.kr til sambandsins til að styrkja starfsemi þess. Til sveitarfélaganna renna því 240 m.kr. með öðrum hætti.

4.12. Aðild að LSR

Við stofnun LS árið 1967 varð LS aðili að LSR. Var þá gerður samstarfssamningur milli þriggja stofnana, LS, Bjargráðasjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Vætanlega hefur þá þótt óþarft að sambandið ætti aðild að LSR eins og öll sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga, þar sem LS hafði þá aðild. Samningurinn lýtur að rekstri og starfsmannahaldi og hefur síðan verið endurnýjaður í ljósi breytinga í rekstri þessara stofnana sem enn eiga með sér samstarf og hafa m.a. til þessa haft sameiginlegan framkvæmdastjóra. Starfsmönnum sambandsins hefur fjölgað og þeir sem ráðnir hafa verið í seinni tíð eiga ekki aðild að LSR, þótt LS sé þeirra launagreiðandi samkvæmt samstarfssamningnum. Við fyrirhugaða breytingu á lögum um LS er jafnframt fyrirhugað að gera breytingar á samstarfssamningum þannig að LS kaupi tiltekna þjónustu af sambandinu en sambandið verði launagreiðandi þeirra sem sinna þeim verkefnum. Til að tryggja óbreytt réttindi hlutaðeigandi starfsmanna, sem lengi hafa verið á launaskrá LS og greitt í LSR, er nauðsynlegt að sambandið fái aðild að LSR vegna sjö tiltekinna starfsmanna. Aðild sambandsins að LSR nær einungis til þessara tilteknu starfsmanna en allir nýir starfsmenn sambandsins greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga eða í aðra þá lífeyrissjóði sem þeir velja sér.

Fylgiskjal 1

Lánasjóður sveitarfélaga - framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ríkissjóðs, rekstrarkostnaður, stjórnarlausn í m.kr., ásamt útlánavöxtum

Ár	Jöfnunarsjóðsframlag greitt	Skerðing jöfnunarsj.	Greitt ríkisframlag	Áætlað ríkisframlag	Rekstrark.sjóðsins	Stjórnarlausn	Tekjur jöfnunarsj.	Vextir sjóðsins (af eigin fé)
2004								4,00%
2003	38,4	200		256	26,1	1,059	10.244,00	4,50%
2002	50,2	200		232	27,5	1,034	9.282,50	4,50%
2001	73,6	135		232	31,2	1,001	9.304,90	4,50%
2000	66,5	135		187	26,3	0,935	7.423,50	4,50%
1999	43,5	135		175	21,1	0,877	6.996,30	4,50%
1998	29,7	135		143	20,6	0,847	5.740,90	4,50%
1997	14,4	135		127	21,1	0,808	5.082,50	4,80%
1996	135,1			79	18,3	0,770	3.185,90	4,80%
1995	124,7			56	17,3	0,748	2.225,60	4,80%
1994	118,7			49	16,1	0,741	1.943,10	4,80%
1993	5,7	110		57	18,2	0,683	2.269,50	5,00%
1992	120,5			54			2.159,80	5,50%
1991	111,2			47			1.894,80	5,50%
1990	96,9			41			1.632,60	5,50%
1989	82,5							5,50%
1988	71,5							6,00%
1987	54,0							6,00%
1986	56,0							5,00%
1985	45,0							5,00%
1984	42,0							4,50%
1983	28,4		5,5					3,50%
1982	18,8		4,1					
1981	10,6		3,0					

Fylgiskjal 2

Yfirlit um lánveitingar LS 1992–2004

Upphæð	Ár														Samtals	Íbúafjöldi 01.des.03	Lán kr. á íbúa
	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004				
Sveitarfélag																	
0000 Reykjavíkurborg		5.000	10.000		165.000	10.000								190.000	113.387	1.676	
1000 Kópavogsbær	151.000	33.000	48.250	66.750	50.000	50.000	42.000	60.000	100.000	130.000	160.000	170.000	140.000	1.201.000	25.291	47.487	
1100 Salgissamneskaupstaður	30.000	10.000				10.000	20.000					90.000		160.000	4.566	35.042	
1300 Garðabær	65.000	75.000	15.000	15.000	25.000	30.000	25.000	40.000	60.000	215.000	160.000	150.000	366.000	1.241.000	8.863	140.020	
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	45.000	33.000	55.000	60.000	50.000	55.000	60.000			130.000	130.000	125.000	140.000	883.000	21.190	41.671	
1600 Svaðhólshlíð Alftanes	20.000	7.500	5.000	7.000	4.000	5.000	10.000	15.000	30.000	20.000	14.000	45.000	50.000	272.500	1.076	145.256	
1604 Mosfellsbær	15.000	10.000	15.000	20.000	25.000	30.000	25.000	40.000	30.000	55.000	50.000	47.450		362.450	6.573	55.142	
1606 Kjósarhreppur	4.000						15.000							19.000	142	133.803	
1608 Kópavogsbær	20.000	50.000	15.000	25.000	30.000	30.000	40.000		40.000	70.000		150.000	100.000	630.000	10.907	59.395	
2300 Grindavíkurborg		15.000			75.000		10.500	30.000	30.000	66.177	69.000	44.300	70.000	409.977	2.421	169.342	
2503 Sandgerðisbær	8.000	12.000	10.000	10.000	21.400	7.500			0	30.000	4.500	37.000		140.400	1.393	100.790	
2504 Svaðhólshlíð Garður		15.000		15.000				20.000		20.000	20.000	40.000	50.000	160.000	1.283	146.532	
2506 Vatnsleysustrandahreppur	8.000	20.000				20.000			30.000		2.500	24.000		104.500	928	112.608	
3000 Akraneskaupstaður	20.000	15.000	15.000	25.000	20.000	44.000	25.000	30.000	81.961	147.998	75.000	95.000	80.000	673.959	5.582	120.738	
3133 Skarabæjarhreppur							15.000							15.000			
3501 Hvalfjarðarstrandahreppur							6.000				5.000			11.000	154	71.429	
3502 Skilmannahreppur	5.000													5.000	152	32.895	
3503 Skilmannahreppur							9.000							9.000	192	60.103	
3510 Borgarfjarðarsveit	7.500	4.000	2.000				1.700		9.000	7.000	12.000	21.500	27.000	91.700	696	131.753	
3515 Skólar í Borgarfjarðarsýslu	6.500													6.500			
3709 Grundarfjarðarbær	5.000	4.000	5.000	6.000	12.000	12.000	25.000	25.000	25.000	29.441	26.000	21.500	21.000	204.941	936	218.954	
3711 Stykkishólmsbær	35.000	23.000		12.000		25.000	150.000	130.000	20.000		20.000	30.000	30.000	475.000	1.161	409.130	
3714 Stykkishólmsbær	4.000	12.000	10.000			20.000	15.000	75.000	120.000	20.000	60.000	55.000	100.000	1.300.000	1.752	204.543	
3809 Saurbæjarhreppur			750			2.000					4.000			6.750	88	76.705	
3811 Dalabyggð			10.000	7.000		6.000		30.000	26.167	23.000				102.167	651	156.939	
3999 Svaðhólshlíð Alftanes							8.000							8.000			
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	15.000	15.000	5.000	10.000	15.000	15.000	15.000	20.000	49.665	15.000		36.000	40.000	250.665	944	265.535	
4200 Ísafjarðarbær	35.000	156.794	65.000	50.000	120.000	30.000	30.000	60.000	60.000	30.000		40.000	80.000	756.794	4.127	183.376	
4200 Ísafjarðarbær			30.000			10.000								40.000			
4502 Reykhólahreppur	4.000		15.000	5.000	29.800	6.000	6.500	32.000	2.500			10.000		110.800	283	391.519	
4604 Tálknafjarðarhreppur	8.000	4.000	4.000	4.000		3.000	5.000		9.000		7.000		15.000	59.000	349	169.054	
4604 Tálknafjarðarhreppur	14.000	7.000		60.000	20.000	40.000	15.000			240.000				404.000	1.073	377.074	
4803 Suðavíkurhreppur	4.000	6.000	10.000	31.000	10.000		7.000		0	10.000				78.000	229	340.611	
4902 Kaldrananeshreppur		2.000							5.000					7.000	125	56.000	
4910 Hlíðaneshreppur	5.000		5.000		5.000	8.000	39.500	8.000	10.000	10.000				90.500	494	183.198	
5000 Siglufjarðarkaupstaður			8.000	10.000		20.000	35.000	20.000	20.000	39.802	54.000	50.000	50.000	306.802	1.438	213.353	
5110 Vamahlíðarskóli			8.000		6.000									14.000			
5200 Svaðhólshlíð Alftanes	22.500	12.000	41.500	46.900	27.100	37.300	33.600	40.000	35.000	35.000	75.000	100.000	223.000	732.900	4.178	175.419	
5210 Framhaldsskóli Sauðárkróks		32.500												32.500			
5508 Húnaþing vestra	24.500	4.000	14.000	13.800	4.000	19.000				25.000	46.000	44.000	38.000	232.300	1.175	197.702	
5603 Torfalækjarhreppur									5.000					5.000	93	53.763	
5604 Blönduósibær	20.000	15.000	8.000	35.000	5.000	18.000	43.000	50.000	62.252	15.000	14.000	23.000	30.000	338.252	958	353.081	
5609 Höfðahreppur			3.000		9.000	9.000				20.000				41.000	585	70.085	
5615 Héraðsnefnd Austur-Hún.			6.000											6.000			
5616 Hitaveitufélag Miðfirðinga		2.500												2.500			
5999 Héraðsnefnd Húnav.									18.000					18.000			
6000 Akureyrirkaupstaður	45.000	33.000	55.000	157.000	20.000	50.000	60.000	60.000	100.000	130.000	225.000	143.000	140.000	1.218.000	16.048	75.897	

Upphæð	Ár					
	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Sveitarfélag						
6100 Húsavíkurbær	20.000	10.000	12.000	15.000	14.000	20.000
6200 Ólafsfjarðarbær	15.000	30.000	12.000	20.000	15.000	15.000
6504 Hríseyjarhreppur	15.000	23.000	24.500	11.500	20.000	
6506 Arnarneshreppur		4.000	5.000		8.000	
6513 Hörgárbyggð		2.000		3.750		
6530 Hitaveita Hríseyjarhrepps		5.000		6.000	5.000	5.000
6601 Grýtubakkahreppur	4.000		6.000			
6602 Grýtubakkahreppur		10.000			8.000	10.000
6612 Þingeyjarsveit						
6701 Kelduneshreppur			9.500	9.500		
6702 Svalbarðshreppur		3.000	9.000	5.000	15.000	
6705 Raufarhafnarhreppur				5.000		
6706 Svalbarðshreppur	4.000		4.500	20.000	10.000	10.000
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	4.500		7.000	3.750		20.000
7300 Fjarðabyggð	18.000	2.000	15.000	27.000	44.000	28.000
7502 Vopnafjarðarhreppur	5.000		6.000		15.000	
7505 Fjötösdalshreppur	2.000	2.000	1.000			4.000
7509 Borgarfjarðarhreppur			2.500		1.800	1.800
7512 Norður-Hérað					5.000	
7610 Fáskrúðsfjarðarhreppur						
7611 Búðahreppur	12.000	5.000	6.000	10.000	3.200	25.000
7612 Breiðdalshreppur	1.000	2.500	1.500	3.000	5.000	3.000
7613 Breiðdalshreppur	4.000	2.000	3.000	4.000	5.000	5.000
7617 Djúpvogshreppur	1.000		9.000			20.000
7618 Austurbyggð	5.000	5.000	11.000	29.250	25.750	8.000
7619 Austurbyggð						
7650 Sorpsamlag Mið-Austurlands	7.000					38.500
7700 Sveitarfélagið Hlíðarenda	7.000	25.000		10.000		15.000
8000 Vestmannaeyjabær	10.000	18.000	15.000	25.000	20.000	24.000
8200 Sveitarfélagið Árborg		30.000	19.000	35.000	24.000	58.000
8201 Fjallabyggð Suðurlands	67.000	75.000	80.000			
8508 Mýrdalshreppur			5.000		5.500	5.500
8509 Skafthreppur					6.000	
8613 Rangárfjöringeystra	5.000	6.000	21.000	12.000	15.000	17.000
8614 Rangárfjöringeytra	8.000	8.000	8.000	5.000	10.000	10.000
8701 Gaulverjabæjarhreppur						
8706 Hraungatahreppur	2.000	1.500	4.000	11.177	3.000	
8707 Villingaholtshreppur			4.000			
8710 Hrunamannahreppur	8.000					12.000
8716 Hveragerðisbær		10.000	12.000	14.000	8.000	15.000
8717 Sveitarfélagið Ölfus			10.000			
8719 Grímsnes- og Grafingshreppur		5.000	2.000	5.000		

1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals	Íbúaföldi 01.des.03	Lán kr. á íbúa
15 000	30.000	237.600	35.000	30.000	77.000	147.000	662.600	2.453	270.118
15.000	20.000	20.000	35.000	21.000	42.000	71.000	331.000	994	332.998
40.000	30.000	15.000	30.000	72.000	70.000	124.000	470.000	2.025	234.568
	13.000	7.000				23.400	56.400	180	313.333
							4.000	188	21.277
10.000			40.000				30.000	958	52.192
			7.500			8.000	21.250	371	57.278
						8.200	8.200		
	10.000						31.000	376	82.447
						13.000	23.000	396	58.081
						20.000	40.000	440	90.909
	6.000	8.000		5.000	10.000	8.000	47.000	280	167.857
2.100	5.000					15.000	22.100	716	30.866
8.000	3.000						11.000	103	106.796
						15.000	34.000	344	98.837
17.500		0		28.000	10.000		87.500	254	344.488
	10.000						15.000	126	119.048
45.000							91.000	400	211.750
20.000	20.000		20.000	20.000	30.000	30.000	175.250	741	236.505
27.000	50.000	40.000	40.000	70.000	115.000	50.000	526.000	3.110	169.132
							8.000	75	31.128
45.000	20.000	40.000	10.000	15.000	20.000	30.000	206.000	741	278.003
						2.000	2.000	93	21.505
4.000	20.000	10.000	15.000	12.000	12.000	22.000	100.000	371	221.000
9.800					2.000		17.900	140	127.857
				5.000			10.000	319	31.348
							2.000	37	67.908
4.600	3.000						7.600	55	138.182
15.000	12.000	11.800	7.000	7.700			114.700		
	20.000		15.000	17.500			50.000		
16.000	6.000	10.000	5.000	6.000	5.000	10.000	81.000	258	313.953
			7.500	31.000	24.000	42.000	134.500	493	272.819
48.000	45.000	40.000	45.000	65.000	58.000	80.000	463.000	2.341	210.294
					32.000	45.000	77.000	853	90.270
							45.500		
30.000	30.000		35.000	92.000	100.000	40.000	414.000	2.304	179.688
	30.000		91.000	45.000	45.000		323.000	4.349	74.270
210.000	40.000	30.000	161.885	85.000	70.000	150.000	912.885	6.326	144.307
							222.000		
	15.000	7.500	15.000	25.000	5.000	15.000	98.500	493	199.797
	5.000	5.000	15.000	20.000	28.000	20.000	99.000	523	189.293
15.000	16.700	15.000	25.000	36.000	40.000	126.000	349.700	1.669	209.527
15.000	20.000	45.000	26.000	15.000	30.000	38.000	238.000	1.436	165.738
						4.000	4.000	135	29.630
2.100		5.000	2.500		2.000	5.000	38.277	197	194.299
						8.000	8.000	180	44.444
				12.000	30.000	20.000	86.000	731	117.647
20.000	25.000		54.000	62.000	60.000	80.000	360.000	1.887	190.779
15.000	25.000	25.000	15.000		50.000		140.000	1.706	82.063
15.000				18.000		19.000	64.000	344	186.047

Upphæð	Ar																		
Sveitarfélag	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samtals	Þjárföldi	Lán			
8720 Skála- og Grípverjelvöppur				8.145		10.000	12.000	9.000		19.000	13.000	38.000		111.145	01. des. 03	kr. á fjáða	528	210.502	
8721 Bláskógabyggð	8.000	3.000	8.000	15.178	6.000	16.000	38.000	26.500	29.000	18.837	10.000	7.000	43.000	228.515	905	252.503			
Samtals	887.500	941.294	866.000	1.036.500	1.080.550	1.086.600	1.518.900	1.359.200	1.626.959	2.405.957	2.103.200	2.667.250	3.347.600	20.927.510					

Fylgiskjal 3

Útlán Lánasjóðs sveitarfélaga 31.12. 2003

Sveitarfélag	Íbúar 01.12. 2003	Útlán 31.12. 2003	Vanskil 31.12. 2003
0000	Reykjavíkurborg	113.387	73.507.081
1000	Kópavogskaupstaður	25.291	694.672.432
1100	Seltjarnarnes	4.566	117.722.701
1300	Garðabær	8.863	697.817.404
1400	Hafnarfjörður	21.190	466.526.800
1603	Bessastaðahreppur	1.876	130.400.511
1604	Mosfellsbær	6.573	239.828.735
1606	Kjósarhreppur	142	10.445.126
2000	Reykjanesbær	10.907	301.144.671
2300	Grindavík	2.421	259.358.268
2503	Sandgerðisbær	1.393	90.586.501
2504	Gerðahreppur	1.283	103.194.012
2506	Vatnsleysustrandahreppur	928	62.070.272
3000	Akranes	5.582	414.110.597
3333	SSBNS	0	9.408.815
3501	Hvalfjarðarstrandahreppur	154	9.077.272
3502	Skilmannahreppur	152	1.871.907
3504	Leirár- og Melahreppur	132	5.621.945
3510	Borgarfjarðarsveit	696	47.346.865
3550	Sorpurðun Vesturlands	0	5.010.893
3609	Borgarbyggð	2.589	266.370.203
3709	Grundarfjarðarbær	936	134.500.320
3711	Stykkishólmsbær	1.161	403.934.997
3714	Snæfellsbær	1.742	378.598.827
3809	Saurbæjarhreppur	88	5.387.704
3811	Dalabyggð	651	79.994.684
4050	Orkubú Vestfjarða	0	6.761.488
4100	Bolungarvík	944	146.539.291
4200	Ísafjarðarbær	4.127	469.628.933
4502	Reykhólahreppur	283	42.055.041
4604	Tálknafjarðarhreppur	349	21.483.663
4607	Vesturbyggð	1.073	228.774.456
4803	Súðavíkurhreppur	229	36.657.379
4902	Kaldrananeshreppur	125	3.658.298
4910	Hólmavíkurhreppur	494	59.022.303
5000	Siglufjarðarkaupstaður	1.438	200.976.563
5110	Varmahlíðarskóli	0	8.737.880
5150	Hérðasnefnd Skagfirðinga	0	5.173.699

Sveitarfélag	Íbúar 01.12. 2003	Útlán 31.12. 2003	Vanskil 31.12. 2003	
5200	Svfél. Skagafjörður	4.178	324.094.186	
5500	Hitaveitufél. Miðfirðinga	0	307.656	
5508	Húnaþing vestra	1.175	133.868.677	
5600	Hérðasnefnd A-Húnavatnssýslu	0	15.287.463	
5603	Torfalækjarhreppur	93	4.035.088	
5604	Blönduósbær	958	228.238.552	
5609	Höfðahreppur	585	26.502.897	
5706	Akrahreppur	229	120.403	
6000	Akureyrarkaupstaður	16.048	725.756.100	
6100	Húsavíkurkaupstaður	2.453	396.993.049	
6200	Ólafsfjarðarkaupstaður,	994	175.259.417	
6400	Dalvíkurbyggð	2.025	244.504.147	
6504	Hríseyjarhreppur	180	15.434.144	6.606.228
6513	Eyjafjarðarsveit	958	42.520.760	
6514	Hörgárbyggð	371	8.025.744	
6530	Hitaveita Hríseyjarhr.	0	6.433.063	1.228.228
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	376	14.694.503	
6602	Grýtubakkahreppur	396	810.300	
6607	Skútustaðahreppur	440	5.186.471	
6609	Aðaldælahreppur	280	31.177.180	
6612	Þingeyjasveit	716	4.937.104	
6701	Kelduneshreppur	103	8.861.711	
6702	Öxarfjarðahreppur	344	11.058.769	
6705	Raufarhafnarhreppur	254	58.456.642	
6706	Svalbarðshreppur	126	8.636.884	
6707	Þórshafnarhreppur	400	51.845.226	
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	741	104.196.376	
7300	Fjarðabyggð	3.110	340.460.299	
7501	Skeggjastaðahreppur	133	5.015.264	
7502	Vopnafjarðarhreppur	741	131.984.590	
7506	Fellahreppur	471	56.362.583	
7509	Borgarfjarðarhreppur	140	11.153.599	
7512	Norður-Hérað	319	4.651.924	
7605	Mjóafjarðarhreppur	37	2.539.977	
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	55	5.511.566	
7613	Breiðdalshreppur	258	48.868.529	
7617	Djúpavogshreppur	493	74.414.037	
7618	Austur-Hérað	2.141	285.661.636	
7619	Austurbyggð	853	138.251.617	
7630	Sorpeyðing Miðhéraðs	0	3.580.965	
7650	Sorpsaml. Mið-Austurlands	0	45.638.057	
7708	Svfél. Hornafjörður	2.304	300.408.884	
8000	Vestmannaeyjar	4.349	185.434.153	

Sveitarfélag	Íbúar 01.12. 2003	Útlán 31.12. 2003	Vanskil 31.12. 2003
8200 Svfél. Árborg	6.326	566.334.363	
8508 Mýrdalshreppur	493	68.506.542	
8509 Skaftárhreppur	523	73.426.088	
8600 Hitaveita Rangæinga	0	53.081.098	
8613 Rangárþing eystra	1.669	154.050.483	
8614 Rangárþing ytra	1.436	140.438.306	
8706 Hraungerðishreppur	197	13.224.923	
8710 Hrunamannahreppur	731	56.840.071	
8716 Hveragerðisbær	1.887	220.637.282	
8717 Ölfushreppur	1.706	111.987.671	
8719 Grímsnes og Grafningsshr.	344	28.194.598	
8720 Skeiða og Gnúpverjahr.	528	77.186.470	1.597.447
8721 Bláskógabyggð	905	136.767.416	
8725 Hitaveita Hraungerðishrepps	0	1.719.253	
8736 Hitaveita Reykhólts	0	6.211.488	
8745 Hitaveita Laugarvatns	0	5.775.785	
8800 Bæjarveitur Vestmannaeyja	0	164.545.197	
Samtals með verðbótum	288.337	12.404.085.763	9.431.903

Alþingi
Erindi nr. P 131/563
komudagur. 7.12.2004

Upplýsingar til félagsmálanefndar Alþingis
vegna frumvarps til laga um
Lánasjóð sveitarfélaga, 269. mál

Samband íslenskra sveitarfélaga og Lánasjóður sveitarfélaga (LS) hafa kynnt sér umsögn Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga (269. mál), 7. desember 2004.

Sambandið og LS vilja vekja athygli á nokkrum atriðum í umsögninni og koma viðbótarupplýsingum á framfæri við félagsmálanefnd:

1. Ríkisafskipti

Frumvarpið felur í sér að ríkið er að minnka afskipti sín af fjármálamarkaði og er það í samræmi við eitt af meginmarkmiðum SBV.

2. „Sveitarfélagavæðing“

Algengt er víða erlendis, til dæmis alls staðar annars staðar á Norðurlöndum, að sveitarfélög standi sameiginlega að lánsfjárvégum til að ná niður fjármagns-kostnaði sínum og þá sérstaklega minni sveitarfélaga. Til undirbúnings frumvarpsgerðinni voru heimsóttir fimm lánasjóðir sveitarfélaga á Norðurlöndum, en einn sjóður er starfandi í hverju landi nema Noregi, en þar eru þeir tveir.

Til fróðleiks fyrir nefndina er meðfylgjandi skýrsla um lánasjóði sveitarfélaga á Norðurlöndum. Starfsemi þeirra er að mörgu leyti frábrugðin starfsemi LS. Þeir hafa náð miklum árangri við að halda niðri fjármagnskostnaði sveitarfélaga með hagstæðum lánveitingum og eflingu á samkeppni á lánsfjármarkaði. Samantekt er að finna á fyrstu tveimur síðum skýrslunnar.

Þess má geta að starfandi eru alþjóðleg samtök lánasjóða sveitarfélaga, Centre International pour le Crédit Communal, og hafa þau aðsetur hjá BNG, lánasjóði hollenskra sveitarfélaga. Í samtökunum eru 18 aðilar af ESB/EES-svæðinu, flestir í eigu sveitarfélaga en einnig er um eignaraðild einkaaðila og ríkis að ræða.

3. Endurskoðun laga

Vakin er athygli á eftirfarandi álitum SBV sem fram kemur í umsögn þeirra:

„SBV taka undir nauðsyn þess að endurskoða lögina í ljósi stórkostlegra breytinga á fjármálamarkaði.“

4. Endurskoðunarákvæði

Eins og fram hefur komið er aðlögun LS að almennu rekstrarumhverfi og breytingum á fjármálamarkaði ekki lokið með því skrefi sem stigið er með þessu frumvarpi.

Sambandið og lánasjóðurinn geta því fyrir sitt leyti fallist á tillögu SBV um að setja „inn ákvæði um skyldu til endurskoðunar laganna [fyrir lok árs 2009] og að við þá endurskoðun yrði horft til stöðu héraðs fjármálamarkaðar og þróun þessara mála á EES-svæði á næstu árum.“

Lánasjóður sveitarfélaga

Apríl 2004

**Lánasjóðir
sveitarfélaga
á
Norðurlöndum**

Norrænir lánasjóðir sveitarfélaga

Kannaður hefur verið rekstur fimm lánasjóða sveitarfélaga á Norðurlöndum sem sérhæfa sig í lánveitingum til sveitarfélaga. Tveir eru í Noregi, en einn í hverju hinna ríkjanna. Einn sjóður í hverju landi er í eigu sveitarfélaga, sambands sveitarfélaga, lífeyrissjóða sveitarfélaga eða ríkissjóðs. Þessir fjórir aðilar eru í samstarfi um ýmis atriði í rekstri sínum til að ná niður rekstrarkostnaði, svo sem í tölvumálum, kynningum á erlendum fjármagnsmörkuðum o.fl. Hinn aðilinn á norskum markaði sem sérhæfir sig í lánum til sveitarfélaga er dótturfyrirtæki Útflutningslánasjóðs Noregs (Eksportfinans) og nýtur góðs í innlánum af góðu lánshæfismati Eksportfinans. Eksportfinans er í eigu norskra viðskiptabanka og ríkissjóðs. Þeir eru hér nefndir lánasjóðir í samræmi við heitið á Lánasjóði sveitarfélaga en hér er í raun um sveitafélagabanka að ræða þar sem lánveitingar þeirra byggja á endurlánnum en Lánasjóður sveitarfélaga lánar hinsvegar aðallega út eigið fé sitt og stendur því undir nafni sem sjóður.

Þeir lánasjóðir sem kannaðir voru eru um flest ólíkir Lánasjóði sveitarfélaga í starfsemi og uppbyggingu og er hér bent á nokkur meginatriði:

- Þeir fjárfesta eigið fé sitt á markaði og láta það standa undir rekstrarkostnaði en taka lán til endurlána. Eiginfjárlutfall þeirra verður því lágt eða að meðaltali um 2% af efnahag. Lánasjóður sveitarfélaga er með um 71% eiginfjárlutfall.
- Sjóðirnir eru með meiri umsvif og gegna miklu stærra hlutverki í lánsfjármögnun sveitarfélaga á sínu svæði en Lánasjóður sveitarfélaga. Markaðshlutdeild þeirra í lántökum sveitarfélaga er á bilinu 40–70% meðan Lánasjóður sveitarfélaga er með um 9%. Viðskiptabankar eiga erfitt með að keppa við þessa sjóði vegna hinna hagstæðu vaxtakjara.
- Allir eru þeir með hæsta mögulega lánshæfismat sem gerir þeim kleift að afla lánsfjár á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum á hagstæðum kjörum. Vegna umfangs geta sjóðirnir beitt þeim aðferðum á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum sem hagkvæm eru og gefa bestu kjörin, svo sem EMTN og ECP lánarömmum. Innlánskjör sjóðanna geta verið nokkuð undir millibankavöxtum (meðaltal 12–15 vaxtapunktum undir millibankavöxtum) og útlán þeirra til sveitarfélaga eru oftast einnig undir millibankakjörum þar sem álagning á lánin er takmörkuð eða engin.
- Vegna stærðar sinnar er rekstrarkostnaður þeirra lágur og álagning á lán því í lágmarki eða engin. Rekstrarkostnaður er 7–13 vaxtapunktar mælt sem hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu efnahagsreiknings. Lánasjóður sveitarfélaga er með 21,5 vaxtapunkta árið 2003 sem verður að teljast gott miðað við smæð sjóðsins, en gæti lækkað með aukinni starfsemi.
- Ekki er um skömmtnun á fé að ræða heldur reynt að svara eftirspurn eftir lánsfé allt árið um kring innan þeirra lánaramma sem kunna að vera til staðar.
- Sumir lána bæði til langs og til skamms tíma.
- Enginn þeirra er með lántökugjöld á lánnum sínum og er aðaláherslan lögð á að halda fjármagnskostnaði sveitarfélaganna niðri. Í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi fá öll sveitarfélög lán á sömu kjörum. Í Noregi er verðlagningin markaðstengd þannig að þau sveitarfélög sem mest hafa lánstraustið fá hagstæðustu kjörin.
- Allir sjóðirnir eru með mikið laust fé sem fjárfest er á markaði til að geta svarað eftirspurn með skömmum fyrirvara og stundum er fjárfest í vixlum eða öðrum

skuldaviðurkenningum sveitarfélaga og sá hluti rekstrarfjárparfar þeirra sem brúuð er með bankalánum þannig minnkuð.

- Sumir sjóðanna er með meiri vaxtatekjur af lausu fé en af útlánum vegna hins hagstæða lántökukostnaðar og geta þeir því leyft sér að vera með mjög takmarkaða eða enga álagningu á útlán til sveitarfélaga.
- Allir sjóðirnir hafa sem aðalmarkmið að útvega sveitarfélögum ódýrt lánsfé og skapa samkeppni á lánsfjármarkaði sveitarfélaga. Hagnaði sjóðanna er stillt mjög í hóf og markmið með honum eingöngu að viðhalda verðmæti og hlutfalli eigin fjár.
- Allir sjóðirnir eru með fjármálaráðgjöf við sveitarfélög sem eru í viðskiptum við sjóðina.
- Sjóðirnir greiða allir tekjuskatt eftir venjulegum reglum.
- Stimpilgjald er ekki fyrir hendi annars staðar á Norðurlöndum.
- Sjóðirnir eru undir eftirliti fjármálaeftirlits viðkomandi lands og starfa á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki og laga um hlutafélög. Undantekning er hér Danmörku þar sem Kommunekredit heyrir undir Indenrigsministeriet.
- Ekki eru sérlög um sjóðina (nema í Danmörku og um Ábyrgðarsjóð sveitarfélaga í Finnlandi).

Meginniðurstaðan er sú að:

- Starfsemi lánasjóða sveitarfélaga annars staðar á Norðurlöndum er í grundvallaratriðum frábrugðin starfsemi Lánasjóðs sveitarfélaga.
- Sveitarfélög annars staðar á Norðurlöndum hafa valið að láta sjóði sína gegna öflugra hlutverki í fjármögnun sveitarfélaga í þessum löndum en Lánasjóður sveitarfélaga gerir á Íslandi. Ekki er hægt að sjá annað en að hin tiltölulega öfluga starfsemi þeirra hafi lækkað fjármagnskostnað sveitarfélaga í þessum löndum verulega miðað við það sem annars hefði verið. Sjóðirnir útvega hagstæð lán og skapa öfluga samkeppni á markaðnum þannig að aðrir bjóðendur lánsfjár verða að halda niðri vöxtum í lánatilboðum sínum til að vera með á markaðnum. Mörk á hámarkslán til einstakra sveitarfélaga eru hærri en hér er.
- Sjóðirnir eru, með einni undantekningu, reknir sem hlutafélög og starfa eftir almennum lögum um fjármálafyrirtæki og hlutafélög undir eftirliti fjármálaeftirlits viðkomandi lands. Í Danmörku þar sem um sérlög er að ræða um Kommunekredit frá 1898 er umræða hafin um stöðu lánasjóðsins þar. Hlutafélagavæðing og afnám sérréttinda átti sér stað í Noregi árið 1999.
- Evrópusambandið gerir ekki athugasemdir við að sveitarfélög standi sameiginlega að lánsfjárútleitu með þeim hætti sem gert er hjá þessum lánasjóðum þó að viðskiptabankar hafi leitað til ESB og kvartað yfir starfsemi sjóðanna og talið að um opinberan stuðning sé að ræða af hálfu sveitarfélaga við þessa lánasjóði. Útlán þurfa þó að vera innan sveitarfélagakerfisins þannig að þau séu eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

Kommuninvest i Sverige AB

Fundargerð

Örebro, 22. mars 2004

Þorsteinn Þorsteinsson, Lánasjóður sveitarfélaga
Thomas Åkelius, forstjóri, Kommuninvest
Harriet Forsell Söderberg, fjármálastjóri, Kommuninvest

Eignarhald og uppbygging

Kommuninvest er stofnað 1986 af sveitarfélögum í Örebro léni undir nafninu Kommuninvest í Örebro í þeim tilgangi að útvega sveitarfélögum í léninu hagstæðara lánsfé. Sveitarfélögin voru þá beinir eignaraðilar að félaginu. Vegna góðs árangurs var starfsvæðið útvikkað og nær nú til allra sveitarfélaga í Svíþjóð. Var forminu þá jafnframt breytt þannig að stofnað var samvinnufélag sem sveitarfélögin eru aðilar að og á samvinnufélagið allt hlutfé í Kommuninvest. Verðmæti stofnfjár hvers sveitarfélags er uppreiknað á hverju ári, en hluti af þeim hagnaði sem myndast í Kommuninvest er yfirfærður í samvinnufélagið sem arðgreiðsla. Félagar í samvinnufélaginu eru nú 150 sveitarfélög en samtals eru 290 sveitarfélög og 25 landsþing í Svíþjóð. Félagum fjölgar á ári hverju. Sveitarfélög sem vilja vera félagar fara í sérstaka fjármálalega úttekt áður en þau eru samþykkt. Sveitarfélög sem eru félagar ábyrgjast skuldbindingar Kommuninvest (solidarísk sjálfskuldarábyrgð) og er það grundvöllurinn að háu lánshæfismati. Mikið var leitað til KommuneKredit í Danmörku um fyrirmyndir í uppbyggingu.

Reiknað er með áframhaldandi sterkum vexti í útlánum með fjölgun lántaka. Markaðshlutdeild meðal sveitarfélaga sem eru félagar er 42% og útlán um 50 milljarðar sænskra króna (SEK), (475 milljarðar ISK). Með fjölgun félaga er stefnt að aukningu útlána í 100-150 milljarða SEK á næstu 5 árum. Starfsmenn eru 32.

Kommuninvest er venjulegt hlutfélag og greiðir tekjuskatt samkvæmt almennum reglum. Félagið er undir eftirliti sænska fjármálaeftirlitsins (Finansinspektionen). Um samvinnufélagið fer eftir lögum um samvinnufélög. Engin sérlög eru um starfsemina. Félagið er í góðum tengslum við Kommunförbundet og Landstingsförbundet, en er þeim alveg óháð. Sambönd sveitarfélaganna fjalla ekki mikið um fjármögnun þeirra.

Aðalmarkmið félagsins er að útvega sveitarfélögnum hagstæð lán. Félagið er þó rekið með um 15 MSEK (140 MISK) hagnaði á ári til að viðhalda verðmæti stofnfjár sveitarfélaganna og eiginfjárlutfalli.

Stjórn samvinnufélagsins er skipuð 15 mönnum og eru allir sveitarstjórnarmenn. Í stjórn Kommuninvest eru 7 menn að forstjóranum meðtöldum. eru þeir blanda af sveitarstjórnarmönnum og mönnum með sérþekkingu á fjármálamarkaði. Starfsmenn ákveða lánveitingar og eru þær ekki teknar fyrir í stjórn til ákvörðunar.

Starfsemi

Kommuninvest lánar eingöngu til sveitarfélaga eða til fyrirtækja sveitarfélaga með ábyrgð þeirra. Ef félag fer úr eigu sveitarfélags er krafist endurgreiðslu lánsins. Ekki er nægilegt að ábyrgðin haldist heldur er krafist yfirráða sveitarfélags/félaga yfir félaginu. Aðallega eru veitt lán til langs tíma, 5 ár algengast, en einnig skammtímalán. Útlánakjör eru ca STIBOR án álags. Félagið er með mikið laust fé og getur m.a. fjárfest laust fé í vixlum sveitarfélaga. Þannig er sveitarfélögum útvegað skammtímafjármagn á mjög hagstæðum vöxtum (allt að STIBOR – 10 vaxtapunktur). Sveitarfélög í Svíþjóð taka lán svo til eingöngu í SEK. Virkur gjaldeyrisskiptamarkaður er í SEK þannig að auðvelt er að taka lán í erlendum myntum og skipta yfir í SEK. Þannig nýtir

Kommuninvest sér hagstæða erienda fjármagnsmarkaði til að útvega sveitarfélögunum hagstætt lánsfé í SEK. Laust fé er um 7 milljarðar SEK (hámark 20% efnahagsreiknings).

Kommuninvest er með 86.000 SEK á íbúa í sveitarfélagi sem viðmiðun hámarks lánveitinga til sveitarfélags. Sveitarfélag sem er með óvenju mikla starfsemi, t.d. orkufyrirtæki, geta fengið hærrí viðmiðunarmörk. Fylgst er vel með rekstri sveitarfélaga sem eru lántakendur.

Öll sveitarfélög fá lán á sömu vöxtum. Ekki er tekið tillit til mismunandi styrkleika þeirra. Engin lántökugjöld eru tekin. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af meðalstærð efnahagsreiknings er 8 vaxtapunktur. Álagning á lán er því mjög lítil. Sveitarfélög í Svíþjóð eru með 0% vægi í CAD útreikningi á eigin fé. Þörf fyrir eigið fé á móti lánnum er því takmarkað. Breytingar á eiginfjárreglum (Basel II) munu því hafa lítil áhrif á markað Kommuninvest. Félagið hefur aldrei haft tap á útláni.

Samkeppni er aðallega frá DEPFA, DEXIA, Swedish Export Credit og skuldabréfamarkaði. Venjulegir viðskiptabankar ráða ekki við samkeppnina á markaðnum og hið lága verðlag.

Kommuninvest er með fjármálaráðgjöf til sveitarfélaga samhliða útlánþjónustu.

Kommuninvest fjármagnar sig aðallega á erlendum skuldabréfamörkuðum og notar mikið svokallað EMTN program og er með lánshæfismat frá Moody's. Erlendu markaðirnir eru hagstæðari en innlendir markaður en gjaldeyrissskiptamarkaður er síðan notaður til að skipta erlendu lánunum yfir í sænskar krónur áður en lánað er út. Einnig er Kommuninvest með lánaprógrömm hjá Evrópska fjárfestingarbankanum (EIB) í Lúxemborg og Council of Europe Development Bank í París. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) í Helsinki er ekki talin samkeppnisfær. Þróunarbankinn í París er með bestu kjörin af þessum bönkum. Meðaltal lántökukostnaðar er um STIBOR – 12/15 vaxtapunktur, en getur í einstökum lántökum farið niður í STIBOR – 50 vaxtapunkta.

Í tölvumálum hefur Kommuninvest samstarf við Kommunalbanken í Noregi.

Samstarf

Thomas Ákelius sagðist myndu fagna því ef Ísland bættist í það samstarf sem norrænir lánasjóðir sveitarfélaga væru nú í. Mikið væri hægt að læra af því. Einnig nefndi Thomas að Lánasjóður sveitarfélaga ætti að íhuga aðild að alþjóðlegum samtökum lánasjóða sveitarfélaga sem eru með skrifstofu hjá BNG (hollenska sveitarfélagabankanum), ef til vill sem áheymarfulltrúi til að byrja með. Einnig nefndi hann að sjóðurinn í British Columbia, Kanada, gæti verið áhugaverður að skoða fyrir okkur.

Í lánamálum er Kommuninvest, vegna sérstakrar skipulagsuppyggingar, bundið við sænsk sveitarfélög og gæti þá t.d. ekki lánað Lánasjóði sveitarfélaga. Helst væri það norsku sjóðirnir sem gætu slíkt þar sem þeir væru ekki byggðir upp á ábyrgðum sveitarfélaga eins og í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi.

Að lokum bauð hann að Kommuninvest væri tilbúið að veita frekari upplýsingar og aðstoð ef eftir væri leitað.

Annað efni:

Heimasíða: www.kommuninvest.se

Ársreikningar 2003

Kynning á Kommuninvest, 22. mars 2004

Greining Moody's á Kommuninvest, August 2003

Specialised Lenders to Nordic Local Governments, Moody's November 2003

Kommunekredit, Danmörku

Fundargerð

Kaupmannahöfn, 23. mars 2004

Þorsteinn Þorsteinson, Lánasjóður sveitarfélaga
Søren Høgenhaven, forstjóri, KommuneKredit, Danmörku

Eignarhald og skipulag

KommuneKredit er stofnaður árið 1898 og er því langelstur lánasjóða sveitarfélaga á Norðurlöndum. Hann var stofnaður af dönskum sveitarfélögum sem "kreditforening" sem er samvinnufélagsform. Tíu manna stjórn er skipuð sveitarstjórnarmönnum sem "tilnefndir" eru af Sambandi sveitarfélaga í pólitískt réttum hlutföllum og síðan kosnir af einstökum sveitarfélögum (eiginlega sjálfkjörnir þar sem ekki eru aðrir frambjóðendur). Sveitarfélögin eru 271 og ömt 14. Hver aðili hefur eitt atkvæði á félagsfundum. Starfsmenn er 45 þar af 9 við rekstrarleigu.

KommuneKredit er eini lánasjóðurinn af fjórum norrænum sem ekki er undir eftirliti fjármálaeftirlits viðkomandi lands. Félagið er undir eftirliti Indenrigsministeriet og er það byggt á sérstökum lögum um KommuneKredit frá 1898. Breyting gæti orðið á þessu. Félagið er með samþykktir (ekki reglugerð) en samþykki ráðuneytisins þarf til breytinga á þeim. Félagið greiðir tekjuskatt eftir almennum reglum. Búið er að fella niður öll stimpilgjöld í Danmörku.

Lán til sveitarfélaga eru eingöngu endurlán. Eigið fé félagsins er fjárfest sérstaklega á markaði. Vaxtatekjur af eigin fé eru um 150 milljónir danskra króna (DKK) á ári en rekstrarkostnaður félagsins um 60 MDKK (8 vaxtapunktur af efnahagsreikningi). Útlánin eru því á sömu kjörum og innlánin en að viðbætti 2 vaxtapunkta umsýsluþóknun. Vaxtakostnaður danskra sveitarfélaga er því oftast undir LIBOR og er KommuneKredit með yfir 90% af nýjum útlánum til danskra sveitarfélaga. Enginn getur keppt við hina lágu vexti sem KommuneKredit býður.

Hagnaður verður nánast það sem ávöxtun eigin fjár er umfram rekstrarkostnað.

Starfsemi

Auk lánveitinga rekur KommuneKredit "leasing" fyrirtæki. Ástæða þess er að dönsk sveitarfélög mega eingöngu taka lán til framkvæmda við mannvirki (anlægsinvesteringer). Rekstrarleigan er því í raun til að komast fram hjá þessu ákvæði. Aðallega er um að ræða bifreiðar, vinnuvélar, tölvubúnað og búnað til sjúkrahúsa. Þegar sveitarfélögin stofnuðu sitt eigið fyrirtæki lækkaði kostnaður sveitarfélaganna af rekstrarleigu um sem svarar einu prósentustigi í vöxtum með þeirri samkeppni sem félagið veitti á rekstrarleigumarkaðnum. Aðrir lánasjóðir á Norðurlöndum eru ekki með rekstrarleigu þar sem ekki eru takmarkanir á lántökum sveitarfélaga þar.

Eingöngu er lánað til danskra sveitarfélaga eða til sameignarfélaga þeirra (I/S) eða félaga gegn ábyrgð dansks sveitarfélags. Öll sveitarfélög fá lán með sömu vöxtum. Öll sveitarfélögin eru álitin 100% áreiðanlegir lántakendur. Því er ekki um að ræða nein takmörk á lántökum til einstakra sveitarfélaga, engin uppsöfnun upplýsinga um rekstur þeirra og ekkert útlánaeftirlit. Framkvæmdastjórn hefur heimildir til lánveitinga og fara lánveitingar ekki fyrir stjórn til samþykktar.

Sveitarfélög í Danmörku eru með 0% í CAD útreikningi á eiginfjárkröfu.

Eins og KommuneKredit í Svíþjóð notar KommuneKredit innlenda skuldabréfamarkaðinn minna og minna og erlenda markaði meira og meira þar sem lánsfé er ódýrara þar. Gjaldeyrisskiptamarkaður er síðan notaður til að skipta í DKK. Dönsk sveitarfélög taka oftast lán í DKK, en 17% af útlánum KommuneKredit er í erlendum myntum, aðallega svissneskum frönskum. Félagið er með EMTN program, ECP program (alþjóðlega útgáfa víxla) þar sem mikið af lánum er með breytilegum vöxtum og samninga við EIB og Concil of Europe Development Bank (Þróunarbanka Evrópuráðsins). NIB er ekki talinn samkeppnishæfur. Félagið er með hæsta mögulega lánshæfismat frá Moody's (Aaa) og S&P (AAA). Solidarisk ábyrgð danskra sveitarfélaga á öllum skuldbindingum félagsins er þar mikilvægur þáttur. Ábyrgðin er þannig að sveitarfélögin skuldbinda sig til að halda varasjóði félagsins í minnst 0,5% af útlánum hvað sem á gengur.

Lögin um félagið hamlu uppbyggingu lauss fjár og er það nú bundið við 1,5 milljarða DKK auk eigin fjár samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins. Félagið vildi gjarnan hafa meira laust fé til að geta haldið sig frá skuldabréfamarkaði þegar hann er ekki hagstæður og keyra þá niður laust fé.

KommuneKredit er með fjármálaráðgjöf til sveitarfélaga samhliða útlánum. Í undirbúningi er skuldastýringarþjónusta sem sveitarfélögin myndu greiða þóknun fyrir, en ekki er greitt fyrir núverandi þjónustu.

Félagið notar mikið gjaldeyrisskiptasamninga og vaxtaskiptasamninga til að eyða gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Félagið er með tölvukerfi til áhættustýringar.

Annað efni:

Heimasíða: www.kommunekredit.dk

Vedtægter

KommuneKredit i 100 år – kontinuitet og fornyelse

KommuneKredit, A safe credit risk, 02 02 2004

Greining Moody's á KommuneKredit, August 2003

Specialised Lenders to Nordic Local Governments, Moody's November 2003

Kommunalbanken AS, Noregi

Fundargerð

Osló, 24. mars 2004

Þorsteinn Þorsteinsson, Lánasjóður sveitarfélaga
Petter Skouen, forstjóri, Kommunalbanken AS

Eignarhald og skipulag

Kommunalbanken er hlutafélag í eigu norska ríkisins (80%) og Lífeyrisstofnunar sveitarfélaga (20%) stofnað 1999. Kommunalbanken AS tók við starfsemi Norges kommunalbank sem var stofnaður 1926. Norges kommunalbank var ríkisbanki og tók lán með ábyrgð ríkisins. Sá banki greiddi ekki tekjuskatt, en Kommunalbanken greiðir tekjuskatt eftir venjulegum reglum eftir breytingamar 1999.

Bankastjórn er skipuð 7 mönnum þar með talið forstjóra og einum fulltrúa starfsmanna. Stjórnarmenn eru blanda sveitarstjórnarmanna og fjármálamanna. Einnig kýs aðalfundur fulltrúaráð sveitarstjórnarmanna sem hefur eftirlit með starfseminni og gerir tillögur til aðalfundar. Bankinn er undir eftirliti fjármálaeftirlitsins og starfar á grundvelli laga um fjármálastofnanir og laga um hlutafélög. Stafsmenn eru 33.

Bankinn tekur ekki við innlánum frá almenningi en fjármagnar sig með skuldabréfaútgáfu á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Bankinn hefur hæsta lánshæfismat frá Moody's og S&P. Matið byggist á traustu útlánasafni og skriflegri yfirlýsingu norska ríkisins varðandi eignarhald og markmið með eignarhaldi ríkisins. Ekki er um ábyrgð sveitarfélaga að ræða á skuldbindingum eins og í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð.

Markmið ríkisins með Kommunalbanken er að viðhalda og efla samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir norsk sveitarfélög. Vextir á útlánum til sveitarfélaga er nú allt að NIBOR – 15 vaxtapunktur á stuttum lánum og NIBOR – 5 á lengri lánum til stærri sveitarfélaga. Rekstrarkostnaður er 7 vaxtapunktur af meðalstöðu efnahagsreiknings. Ávöxtun eigin fjár var 10,5% eftir skatta á árinu 2003.

Bankinn á gott samstarf við samtök sveitarfélaga, Kommunernes Sentralforbund, og fær meðal annars upplýsingar um sveitarfélögin frá sambandinu og notar þær upplýsingar til útlánaeftirlits.

Starfsemi

Bankinn iánar eingöngu til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu með ábyrgð sveitarfélagsins. Sveitarfélögin taka að mestu lán í norskum krónum (NOK) og ekki erlendum myntum. Framkvæmdastjórn hefur nægar heimildir til lánveitinga þannig að lán fara ekki til stjórmar til ákvörðunar. Bankinn getur ávaxtað laust fé hjá sveitarfélögum (sem virkar eins og skammtímalán).

Bankinn veitir sveitarfélögum fjármálalega ráðgjöf samhliða útlánum.

Bankinn er með tæplega 38% markaðshlutdeild. Helsti keppinautur er Kommunekreditt í Þrándheimi sem er dótturfélag Eksportfinans með 27% hlutdeild. Einnig gefa stærstu sveitarfélögin út skuldabréf og víxla á innlendum fjármálamarkaði.

Verðlagning á lánum til sveitarfélaga er breytileg frá sveitarfélagi til sveitarfélags eftir fjárhagslegum styrk þeirra.

Vægi norskra sveitarfélaga er 20% í CAD útreikningi eigin fjár eins og á Íslandi. Kommunalbanken reiknar með að nýjar eiginfjárkröfur skv. Basel II geti haft í för með sér lækkun á væginu um ca 40% að meðaltali með notkun á eigin lánshæfismatskerfi.

Fjármögnun fer aðallega fram á erlendum fjármálamörkuðum en að litlu leyti á innlendum markaði. Gjaldreyrisskiptamarkaður er notaður til að skipta yfir í NOK. Nú koma 60-70% af fjármögnun bankans frá Japan. Bankinn er með EMTN program og lánalínur frá EIB og Þróunarbanka Evrópuráðsins. Undir EMTN voru framkvæmdar 280 lántökur á síðasta ári.

Öll eru endurlán. Eigið fé er ekki lánað út en fjárfest á markaði eftir sérstökum reglum.

Auk eigin fjár er bankinn með 18 milljarða NOK í lausu fé. Hluta af því má nota til skammtímafjármögnunar sveitarfélaga. Hámark lauss fjár er 25% af efnahagsreikningi.

Samvinna

Bankinn byggir ekki á ábyrgð sveitarfélaga og starfsemin takmarkast samkvæmt samþykktum ekki við norsk sveitarfélög. Lánveitingar til Lánasjóðs sveitarfélaga gætu því verið inni í myndinni.

Forstjóri bankans var þeirrar skoðunar að starfsemi Lánasjóðs sveitarfélaga yrði aldrei það umfangsmikil miðað við lántökur íslenskra sveitarfélaga að stofnun EMTN programs og lánshæfismat myndi borga sig fyrir hann. Ein af leiðunum fyrir lánasjóðinn til að ná lántökukostnaði og rekstrarkostnaði niður í lágsta mögulega kostnað gæti verið að lánasjóðurinn sameinaðist, nú eða síðar, erlendum sveitarfélagabanka, t.d. Kommunalbanken, eða yrði dótturfélag slíks aðila og gæti þannig notið góðs af lágum lántökukostnaði hans, tölvukerfum og annarri þjónustu.

Forstjórinn bauð alla þá aðstoð sem Kommunalbanken gæti í té látið. Hann er stjórnarmaður í alþjóðlegum samtökum lánasjóða sveitarfélaga (International Centre of Local Credit) og gæti aðstoðað lánasjóðinn við að komast þar inn ef áhugi væri fyrir hendi. Hann vakti athygli á að félögum þar gæti farið fjölgandi. Meðal annars eru sveitarfélög í Kanada farin að líta á reynsluna af lánasjóði sveitarfélaga í British Columbia og undirbúa stofnun sjóða í öðrum ríkjum og 17 ríki BNA væru með "Municipal Banks".

Annað efni:

Heimasíða: www.kommunalbanken.no

Ársreikningur 2003

Greining Moody's, August 2003

Specialised Lenders to Nordic Local Governments, Moody's November 2003

Kommunekreditt/Eksportfinans ASA, Noregi

Fundargerð

Osló, 24. mars 2004

Þorsteinn Þorsteinsson, Lánasjóður sveitarfélaga
Bjame Jensen, forstjóri, Kommunekreditt, Þrándheimi
Knut A. Meier, framkvæmdastjóri, Kommunekreditt, Osló
Søren Elbech, Head of Funding, Ekportfinans, Osló

Kommunekreditt er dótturfélag Eksportfinans ASA sem er útflutningslánasjóður Noregs. Með kaupum sínum á Kommunekreditt ákvað Eksportfinans að útvíkka starfsemi sína til útlána til sveitarfélaga. Eksportfinans er í eigu norskra viðskiptabanka (85%) og norska ríkisins (15%). Kommunekreditt nýtir sér hátt lánsþæfismat Eksportfinans til að útvega sér ódýrt fjármagn. Markaðshlutdeild hefur farið vaxandi og er Kommunekreditt eina fyrirtækið sem hefur veitt Kommunalbanken einhverja samkeppni að ráði og er með 27% markaðshlutdeild í útlánunum til norskra sveitarfélaga.

Félagið er venjulegt hlutafélag og engin sérlög eða reglur gilda um félagið. Eksportfinans samsteypan er undir eftirliti norska fjármálaeftirlitsins.

Auk lánveitinga á Kommunekreditt 50% í félagi sem veitir sveitarfélögum ráðgjöf á ýmsum sviðum.

Kommunekreditt er með eigið lánsþæfismatskerfi á norskum sveitarfélögum. Þeim er skipt í 4 flokka: Hægt er að fjármagna sveitarfélög í A-flokki 100%, 50% í B, 25% í C og ekkert í D.

Ársverk eru milli 10 og 11. Móðurfélagið sér um bókhald, fjárfstýringu, laun, tölvumál o.fl. gegn greiðslu.

Kommunekreditt er tilbúið til viðræðna við Lánasjóð sveitarfélaga um að fjármagna sjóðinn með hagstæðum lánunum.

Annað efni:

Heimasíða: www.kommunekreditt.no

Ársreikningar 2002 og 2003

Greining Moody's á Eksportfinans

Municipality Finance PLC, Finnlandi

Fundargerð

Helsinki, 25. mars 2004

Þorsteinn Þorsteinsson, Lánasjóður sveitarfélaga
Pekka Averio, forstjóri, Municipality Finance PLC, Finland

Eignarhald og skipulag

Municipality Finance (f. Kuntarahoitus Oyj) er upprunalega stofnað 1989 af Lífeyrisstofnun sveitarfélaga (Local Government Pension Institution- LGPI) til að útvega finnskum sveitarfélögum hagstætt lánsfjármagn. Municipality Finance tók þá lán með ábyrgð LGPI. Árið 1989 stofna síðan 186 finnsk sveitarfélög Municipal Housing Finance, en tilgangur þess sjóðs var að útvega sveitarfélögum hagstætt lánsfjármagn vegna félagslegra leiguíbúða en sveitarfélögin tóku við því verkefni af ríkinu að sjá um byggingu og fjármögnun leiguíbúða. Árið 1996 er stofnaður, með sérstökum lögum, Ábyrgðarsjóður sveitarfélaga (Municipal Guarantee Board – MGB) með aðild svo til allra finnskra sveitarfélaga. Tilgangur MGB er að ábyrgjast lántökur sjóða sem fjármagna sveitarfélög til að lækka fjármagnskostnað þeirra. Ef lánasjóðirnir standa ekki við skuldbindingar sínar getur lánardrottinn krafist greiðslu frá MGB sem sendir kröfu á sveitarfélögin sem verða þá að greiða samstundis. Ábyrgð einstakra sveitarfélaga er pro rata. Með þessum hætti er sjóðunum tryggt hæsta mögulega lánshæfismat og bestu kjör í lántökum. Árið 2001 eru síðan Municipality Finance og Municipality Housing Finance sameinuð í einn sjóð sem ber nafnið Municipality Finance PLC.

Municipality Finance er í eigu finnskra sveitarfélaga og Sambands finnskra sveitarfélaga (57,5%) og LGPI (42,5%). Auk þessara þriggja má aðeins finnska ríkið vera eignaraðili í félaginu nema til komi sérstök heimild ríkisstjórnar.

Municipality Finance er með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftiriiti fjármálaeftirlitsins. Lög um hlutafélög gilda einnig um starfsemina. Félagið greiðir skatta eftir venjulegum reglum en finnsk skattalög eru þannig að félagið hefur vissa möguleika á að leggja hagnað beint við höfuðstól án þess að taka hann yfir rekstrarreikninginn. Félagið greiðir því takmarkaða skatta.

Municipality Finance er í nánú samstarfi við Samband finnskra sveitarfélaga og er framkvæmdastjóri Sambandsins stjórnarformaður félagsins. Stjórnin er að öðru leyti blanda sveitarstjórnarmanna og annarra fagmanna sérstaklega í fjármálum. Einnig sér Sambandið um launabókhald Municipality Finance. Starfsmenn eru 29.

Finnsk sveitarfélög eru með tiltölulega stóran hluta opinberrar þjónustu á sinni könnu og eru því fyrirferðarmeiri en ríkið hvað þetta varðar.

Árið 1996 ákváðu finnskir viðskiptabankar að snúa sér til ESB til að kvarta yfir starfsemi Municipality Finance í Finnlandi og töldu að samkeppni þeirra á fjármálamarkaði væri óeðlileg þar sem þeir nytu ábyrgðar sveitarfélaganna (state aid rules). Niðurstaða ESB var að hinu opinbera væri frjálst að skipuleggja sína eigin fjáröflun þannig að hún væri með sem hagstæðustum hætti. Skilyrði væri að lánveitingar væru eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra þannig að um lokað kerfi væri að ræða. Municipality Finance er með lán til orkufyrirtækja sem eru í samkeppni á markaði og taldi forstjórinn að ræða mætti hvort þau væru á gráu svæði miðað við niðurstöðu

ESB. Ekki hafa þó verið gerðar athugasemdir við þessar lánveitingar. Öðrum lánasjóðum sveitarfélaga á Norðurlöndum er kunnugt um þessa niðurstöðu og benda á hana hver í sínu landi.

Rekstrarkostnaður sjóðsins er 13 vaxtapunktur af meðalstöðu efnahagsreiknings og er hann því heldur dýrari í rekstri miðað við stærð efnahags en hinir sjóðirnir. Í því sambandi er bent á að sjóðurinn sé yngstur þessara sjóða og sé að vinna sig upp. Einnig er hann með fjölbreyttari útlán þar sem fjármögnun íbúðabygginga er meðal verkefna hans og krefst útlánastarfsemin því meiri mannafla. Heildarútlán eru 3,7 milljarðar evra og er sjóðurinn því minnstur norrænna sjóða. Hagnaður 2003 var 4 milljónir evra (340 MISK).

Starfsemi

Aðalstarfsemin er lánastarfsemi og er um að ræða bæði langtímalán og skammtímalán. Ekki eru hömlur á lántökur sveitarfélaga en tekjur verða að standa undir rekstri þeirra. Einnig er sjóðurinn með fjármálaráðgjöf til sveitarfélaga sem hluta af starfsemi sinni og er nú verið að ráða sérstakan starfsmann til að auka þjónustu á þessu sviði og gera hana markvissari.

Húsnæðislán eru 42% af heildarútlánum sjóðsins og önnur lán til sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra 58%. Sveitarfélögin taka lán í evrum eingöngu. Erlendar lántökur hurfu þegar Finnland tók upp evruna í staðinn fyrir finnska markið.

Markmið félagsins er ekki að hámarka markaðshlutdeild félagsins heldur að viðhalda samkeppni á lánsfjármarkaði sveitarfélaga. Þar af leiðir að verðlagning lána er ekki eins öflug og annarra lánasjóða sveitarfélaga. Helstu keppinautar eru viðskiptabankar í Finnlandi einkum NORDEA og OKO Bank en einnig DEPFA og Swedish Export Credit.

Evrar er heimamynt Finnlands og getur félagið m.a. þess vegna fjármagnað sig meira á innlendum markaði en hinir sjóðirnir á Norðurlöndum. Einnig er félagið með innlenda skuldabréfaflokka sem beint er sérstaklega til einstaklinga sem nema 10% af heildarfjármögnun (í stíl við spariskírteini á Íslandi áður fyrr). Einnig er félagið með vixlaútgáfu innanlands. Erlendu markaðirnir eru þó mikilvægari fyrir félagið. Erlendis er félagið með EMTN prógramm og lánalínur frá EIB og Þróunarbanka Evrópuráðsins. Lántökur í evrum nema um 60% af heildarlántökum. Gjalddeyrisskiptamarkaður er notaður til að skipta öðrum myntum yfir í evrur.

Félagið er með talsvert laust fé og er miðað við áætlaðar útborganir lána næstu 6 mánuði og afborganir af lántökum á sama tímabili. Félagið hefur þannig möguleika á að halda sig frá fjármálamörkuðum um stund ef þeir eru ekki hagstæðir. Einnig leggur Moody's áherslu á að nægt laust fé sé fyrir hendi til að standa við allar skuldbindingar. Laust fé er ávaxtað á markaði. Hámark lauss fjár er 15% af efnahagsreikningi. Eigið fé er fjárfest á markaði og ekki lánað út.

Annað efni:

Heimasíða: www.kuntarahoitus.fi

Ársreikningur 2003

Municipal Guarantee Board, ársreikningur 2003


Kynning, Company Presentation

Information Memorandum EMTN programme

Greining Moody's, August 2003

Greining Standard & Poors, Oct. 3, 2003

Specialised Lenders to Nordic Local Governments, Moody's November 2003



Alþingi
Erindi nr. P 131/198
komudagur 25.11.2004

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi félagsmálanefnd
b.t. Selmu Hafliðadóttur nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. nóvember 2004

0411122SA PS/sp
Tilv.:177

Efni: Frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 19. nóvember var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 17. nóvember 2004, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga, 269. mál, heildarlög.

Stjórn sambandsins hefur fylgst með undirbúningi að gerð frumvarpsins og mælir eindregið með samþykkt þess.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

7. desember 2004

Alþingi,
félagsmálanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga (269. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 17. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Ríkið hefur verið að draga sig út úr lánastarfsemi undanfarin ár. Þannig hafa fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna verið lagðir niður og ríkisviðskiptabankarnir einkavæddir. Ljóst er að þær aðgerðir hafa síður en svo komið niður á innlendu atvinnulífi, sem er nú blómlegra en nokkru sinni fyrr. Enginn efast hins vegar um að bæði fjárfestingarlánasjóðir og ríkisbankar áttu rétt á sér á sínum tíma, en framþróun viðskipta og opnun fjármálamarkaða breyttu þeirri stöðu.

Bankakerfið á Íslandi er nú margfalt stærra og öflugra en áður. Það sýnir sig best í því að hérlendir bankar eru núorðið færir um að veita hliðstæð eða jafnvel betri kjör í mörgum tilvikum en Bygðastofnun og Íbúðalánasjóður, þrátt fyrir ríkisstuðning við hina síðarnefndu.


Sveitarfélög eru umsvifamiklir útgefendur markaðsskuldabréfa og afla sér þannig lánsfjár auk þess að taka hefðbundin bankalán jafnt hérlendis sem erlendis. Á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram að lánveitingar Lánasjóðs sveitarfélaga hafi vaxið úr rúmum milljarði árið 1997 í um 2,7 milljarða kr. árið 2003. Þá kemur fram að skuldabréfaeign sjóðsins í lok síðasta árs var 12,4 milljarðar kr., meðan langtímaskuldir sveitarfélaga (A- og B hluta) námu um 125 milljörðum kr. Skuldir við sjóðinn námu þannig aðeins um 10% af heildarskuldum. Það er staðreynd að stærstu sveitarfélögin eru nánast alfarið hætt að nýta sér lánveitingar sjóðsins og að hann virðist helst hafa haft hlutverki að gegna gagnvart minni sveitarfélögum eða þeim sem lánshæfismatið er lakara hjá.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að markmiðið með breytingum á lagaumhverfi sjóðsins sé að laga rekstur hans að almennum starfsskilyrðum fyrirtækja á fjármálamarkaði, meðal annars með því að framlag frá ríkinu og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga falli niður. Sjóðnum sé þannig ætlað að starfa sem lánafyrirtæki eftir lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og vera settur undur eftirlit Fjármálaeftirlits. Eins og fram kemur hefur megintilgangur laganna verið að stuðla að því sveitarfélög geti útvegað sér eins hagstætt lánsfé og kostur er á hverjum tíma og að þær breytingar sem frumvarpið ráðgerir hviki í engu frá því markmiði, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

SBV taka undir nauðsyn þess að endurskoða lögin í ljósi stórkostlegra breytinga á fjármálamarkaði á þeim 38 árum frá því að lögin voru sett. Hins vegar skýtur skökku við að á sama tíma og ríkið er að þræpa sig út af lánamarkaði og eftirláta atvinnugrein fjármálamarkaðar að sjá um að veita þá fjármálaþjónustu sem fólk og fyrirtæki þurfa á að halda sé ætlunin að "sveitarfélagavæða" nýtt fyrirtæki á þeim markaði, sem mun starfa í samkeppni við fyrirtæki í samkeppnisrekstri en njóta þess bæði að hafa sveitarfélögin sem bakhjarl og vera undanþegið stimpilgjöldum af lánunum. Þetta er enn sérstakara í ljósi þess að sveitarfélögum í landinu eru hæg heimatökin að láta hérlend sem erlend fjármálafyrirtæki keppa um hylli sína hvað varðar fjármögnun og aðra fjármálaþjónustu sem þau þurfa á að halda.

Að mati SBV er eðlilegt og í takt við tímann að leggja niður starfsemi Lánasjóðs sveitarfélaga. Þar sem fólk er oft hrætt við að breyta fyrirkomulagi sem því er orðið samt mætti þó skoða að fara þá leið að setja í lögin, hvort heldur gildandi eða ný, sólarlagsákvæði sem gerði ráð fyrir að starfsemi sjóðsins verði hætt eftir t.d. fimm ár (í lok árs 2009). Að lágmarki væri brýnt að kæmi inn ákvæði um skyldu til endurskoðunar laganna á þeim tímapunkti og að við þá endurskoðun yrði horft til stöðu hérlendis fjármálamarkaðar og þróun þessara mála á EES-svæði á næstu árum.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Guðjón Rúnarsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 131/417
komudagur 3.12.2004

1. desember 2004
SI-20079

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Seðlabanki Íslands sendir hér með óumbeidd umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga, 269. mál, til félagsmálanefndar Alþingis sem hefur frumvarpið til meðferðar. Með umsögn sinni vekur Seðlabanki Íslands athygli á tveimur atriðum sem hann telur mikilvæg. Í fyrsta lagi leiðir of sterk eiginfjárstaða sjóðsins til óæskilega mikillar útlánagetu og rúmra marka fyrir stórar áhættuskuldbindingar. Í öðru lagi telur Seðlabankinn að starfsskilyrði lánaþyrirtækja eigi að vera jöfn.

Í 1. gr. frumvarpsins er m.a. kveðið á um að Lánasjóður sveitarfélaga skuli starfa sem lánaþyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálaþyrirtæki og uppfylla skilyrði þeirra laga ef ekki er á annan veg mælt í lögum um lánasjóðinn. Seðlabanki Íslands fellst á að tímabært sé að breyta rekstrarformi Lánasjóðs sveitarfélaga í lánaþyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálaþyrirtæki og nema brott ákvæði eldri laga um afskipti ríkisins af rekstri sjóðsins og samráð við Seðlabanka Íslands.

Í 2. gr. frumvarpsins er sagt að megintilgangur Lánasjóðs sveitarfélaga sé að tryggja sveitarfélögum, stofnunum þeirra og þyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Skilyrði fyrir því að sjóðurinn veiti lán eða ábyrgðir til þyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart lánasjóðnum.

Samkvæmt ársreikningi Lánasjóðs sveitarfélaga árið 2003 námu eignir sjóðsins samtals 12,8 ma.kr. og þar af námu útlán til sveitarfélaga og þyrirtækja þeirra tæplega 12,7 ma.kr. Samkvæmt upplýsingum úr hagtölum Seðlabanka Íslands námu skuldir bæjar- og sveitarfélaga um 113 ma.kr. í árslok 2003 en þá eru ótaldar skuldir þyrirtækja í eigu sveitarfélaga.

Helstu varúðarreglur sem gilda um útlán fjármálaþyrirtækja eru reglur Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálaþyrirtækjum nr. 531/2003 og reglur um eiginfjárlutfall fjármála-

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

fyrirtækja nr. 530/2003, sbr. 30. gr. og 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Samkvæmt reglum nr. 531/2003 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum er stór áhættuskuldbinding skilgreind sem áhættuskuldbinding fjármálafyrirtækis vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila, sem nemur 10% eða meira af eigin fé fjármálafyrirtækis. Í 3. gr. reglnanna er sagt að stórar áhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila mega ekki fara fram yfir 25% af eigin fé fjármálafyrirtækis. Þá er kveðið á um að heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga megi ekki fara yfir 800% af eigin fé fjármálafyrirtækis. Þessi ákvæði eru ekki eins takmarkandi fyrir Lánasjóð sveitarfélaga eins og í fyrstu mætti halda vegna ákvæðis 5. tl. 4. gr. reglna 531/2003 sem segir m.a. að kröfur á eða með ábyrgð innlendra sveitarfélaga megi undanskilja að 80% hluta þegar áðurnefnd hlutföll eru reiknuð. Í árslok 2003 nam eigið fé Lánasjóðs sveitarfélaga 9,1 ma.kr. Miðað við reglur um stórar áhættuskuldbindingar hefðu lán Lánasjóðs sveitarfélaga mátt nema allt að rúmlega 4,5 ma.kr. án þess að teljast til stórra áhættuskuldbindinga í árslok 2003. Jafnframt hefðu heildarlán Lánasjóðs sveitarfélaga til eins aðila mátt nema allt að 11,4 ma.kr. í árslok 2003. Þá hefði heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga m.v. árslok 2003 að hámarki mátt nema um 364 ma.kr.

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eigið fé fjármálafyrirtækja á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur skal metinn í samræmi við reglur 530/2003 um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja. Í 2. tl. 12. gr. reglna 530/2003 um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja er m.a. kveðið á um að eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð sveitarfélaga eða fyrirtækja sveitarfélaga, samkvæmt nánari skilgreiningu í viðauka, fái áhættuvog 0,2. Eins og áður sagði nam eigið fé Lánasjóðs sveitarfélaga um 9,1 ma.kr. í árslok 2003. Miðað við framangreint hefði áhættugrunnur Lánasjóðs sveitarfélaga geta staðið í tæplega 114 ma.kr. í árslok 2003, sem samsvarar um 569 ma.kr. útlánnum til sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra, en samt hefði sjóðurinn uppfyllt ákvæði laga og reglna um lágmarkseiginfjárhlutfall.

Miðað við framangreindar varúðarreglur sem gilda um útlán fjármálafyrirtækja og núverandi eiginfjárstöðu Lánasjóðs sveitarfélaga telur Seðlabanki Íslands augljóst að útlánageta lánasjóðsins verði langt umfram þörf.


Í 7. gr. frumvarpsins segir að óheimilt sé að ráðstafa eigin fé eða tekjuafgangi lánasjóðsins með greiðslu arðs eða niðurfærslu eigin fjár.

Seðlabanki Íslands lýsir andstöðu við þessa grein frumvarpsins í ljósi þess sem á undan er rakið og telur koma til álita að lækka eigið fé sjóðsins þannig að eigendur hans geti lækkað skuldir sínar. Þá telur Seðlabanki Íslands líklegt að yrði frumvarpið að lögum myndi 7. gr. frumvarpsins leiða til þess að vaxtakjör útlána sjóðsins yrðu hagstæðari en vaxtakjör annarra fjármálafyrirtækja sem leiði til útlánaaukningar hjá lánasjóðnum og aukinnar markaðshlutdeildar í útlánum til sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra. Hætt er við að sú útlánageta sem þannig losnar um leiti annað.

Í 9. gr. frumvarpsins er sagt að skuldabréf fyrir lánum sem lánasjóðurinn tekur og veitir skuli undanþegin stimpilgjöldum. Í þessu sambandi telur Seðlabanki Íslands óeðlilegt að veita einu fjármálafyrirtæki samkeppnisforskot með ákvæði um undanþágu stimpilgjalda skuldabréfaútlána.

Seðlabanki Íslands telur líklegt að verði óbreytt frumvarp um Lánasjóðs sveitarfélaga að lögum leiði það til aukinnar innlendrar útlánaþenslu sem er sérlega óæskileg við núverandi aðstæður. Seðlabanki Íslands minnir á stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins (FBA) árið 1998 á grunni fjárfestingarlánasjóða. Þrátt fyrir að eigið fé FBA hafi verið lækkað með framlagi til Nýsköpunarsjóðs var útlánageta FBA langt umfram það sem fjárfestingarlánasjóðirnir höfðu fram að því nýtt. Í framhaldinu voru útlán bankans aukin verulega sem átti hlut í ofþenslu eftirspurnar¹. Til að sporna við slíku telur Seðlabanki Íslands koma til álita að lækka eigið fé Lánasjóðs sveitarfélaga. Þá telur Seðlabanki Íslands að afnema eigi ákvæði sem heimila undanþágu stimpilgjalda skuldabréfaútlána lánasjóðsins.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar



Eiríkur Guðnason
bankastjóri

¹ Í Peningamálum 1999/4 var m.a. fjallað um orsakir ofþenslu. Þar sagði á bls. 9: “Á sama tíma og almenn bjartsýni um efnahagshorfur stuðlaði að aukinni lánsfjáreftirspurn jókst framboð lánsfjár. Aukið lánsfjárframboð má m.a. rekja til þess að hlutafé var aukið í ríkisviðskiptabönkunum í aðdraganda einkavæðingar og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins var stofnaður með sterka eiginfjárstöðu.”

Selfossi, 25. nóvember 2004
0411041 HH


Alþingi - nefndasvið,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 269.

Á fundi bæjarráðs Árborgar 25. nóvember 2004 var tekið fyrir bréf félagsmálanefndar Alþingis – umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga.

Bæjarráð samþykkir að veita jákvæða umsögn um frumvarpið.

Framangreind afgreiðsla tilkynnist hér með.



Helgi Hólm
bæjarritari.